

## **KOSNINGAR 2013**

UPPLÝSINGAR UM FRAMBJÓÐENDUR  
TIL FORMANNS OG STJÓRNAR VR

## **ORLOF 2013**

UPPLÝSINGAR UM ORLOFSHÚSIN

### **SUMARFRÍ Í DANMÖRKU**

Nýtt orlofshús á Norður-Sjálandi

### **AÐ SEMJA UM LAUNIN**

Ókeypis námskeið fyrir félagsmenn

### **TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ**

Ný námskeið fyrir trúnaðarmenn

### **MERKILEGT BRAUTRYÐJENDASTARF**

Viðtal við Helgu Árnadóttur  
framkvæmdastjóra VR

# Efnisyfirlit



## KOSNINGAR 2013

- 08 Allsherjaratkvæðagreiðsla
- 10 Ólafía Björk Rafnsdóttir
- 12 Stefán Einar Stefánsson
- 14 Úr lögum um kosningar
- 15 Ásta Rut Jónasdóttir  
Benedikt Vilhjálmsson
- 16 Birgir Már Guðmundsson  
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
- 17 Helga Ingólfssdóttir  
Jóhann Már Sigurbjörnsson
- 18 Jón Magnússon  
Kristjana Þ. Jónsdóttir
- 19 Óskar Kristjánsson  
Páll Örn Líndal
- 20 Ragnar Þór Ingólfsson  
Rannveig Sigurðardóttir
- 21 Listi Uppstillinganefndar 2013



## ORLOF 2013

- 22 Danmörk
- 23 Vestmannaeyjar
- 24 Miðhúsaskógur
- 25 Flúðir
- 26 Húsafell
- 27 Akureyri
- 28 Einarsstaðir
- 29 Reykjavík
- 30 Ölfusborgir
- 31 Hótelgisting – Reykjavík
- 32 Útbúnaður húsanna
- 32 Umgengnisreglur í orlofshúsum
- 33 Tjaldvagnar
- 33 Bókunarreglur
- 33 Ný orlofsíbúð í Reykjavík
- 35 Afsláttur í ferðina
- 35 Tjaldsvæði í Miðhúsaskógi



## GREINAR OG VIÐTÖL

- 03 Leiðari
- 04 Vinnustaðagreining
- 05 Fékkstu launahækkun?
- 05 Trúnaðarmannanámskeið
- 05 Að semja um launin
- 06 Merkilegt brautryðjendastarf
- 34 Krossgáta

### VR

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7,  
103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is  
www.vr.is

### VR blaðið 2. tbl. 35. árgangur mars 2013

Abyrgðarmaður: Stefán Einar Stefánsson formaður. Ritstjóri: Unnur Guðríður Indriðadóttir. Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson.  
Forsíðumynd: Magnús Hjörleifsson/Nordic Photos. Ljósmyndir: Eddi, Gassi. Prentun: Oddi. Upplag: 26.500  
Stjórn VR Stefán Einar Stefánsson formaður, Eyrún Ingadóttir varaformaður, Sigurður Sigfússon ritari, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson,  
Birgir Már Guðmundsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon,  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Ragnar Þór Ingólfsson. Varamenn: Óskar Kristjánsson, Benóný Valur Jakobsson og Bjarni Þór Sigurðsson.



# SKEMMTILEG VERKEFNI Á VORMÁNUÐUM

Blaðið er tileinkað sumrinu, vorið er á næsta leiti og margir hverjir farnir að huga að sumarfríinu. Í blaðinu er ítarlegt yfirlit yfir þau orlofshús sem eru til útleigu. Tjaldsvæði VR í Miðhúsaskógi sem opnað var síðastliðið sumar var góð viðbót við þá orlofsþjónustu sem félagið býður upp á. Helsta nýjungin í ár er orlofshús í Danmörku sem félögum VR stendur til boða að leigja í sumar. Húsnæðið er rétt við bæinn Hundested, sem er á norðanverðu Sjálandi og um klukkustundar akstur frá Kaupmannahöfn. Fleiri orlofshús verða í boði fyrir VR-félaga í sumar en þau verða auglýst á [www.vr.is](http://www.vr.is) á næstunni.

## JAFNLAUNAVOTTUN VR

Eins og svo oft áður hefur auglýsingaherferð frá VR vakið mikla athygli – en nýjasta auglýsingin sýnir okkur kynbundinn launamun á myndrænan hátt. Jafnlaunavottun VR er frábær leið fyrir fyrirtæki til að sýna og sanna að karlar og konur innan þeirra eigin veggja fái greidd sömu laun fyrir jafn verðmæt störf. Viðtökur sýna að það hafi verið hárrétt ákvörðun hjá félaginu að leggja áherslu á þessa vottun. Stjórnendur stofnana og fyrirtækja hafa sýnt Jafnlaunavottun VR mikinn áhuga og sjá í henni mikil tækifæri. Í fyrsta lagi er mjög mikilvægt fyrir eigendur, stjórnendur og starfsfólk að fá það staðfest að mismunun eigi sér ekki stað á vinnustaðnum. Í öðru lagi getur vottun af þessu tagi bætt starfsanda, styrkt ímynd þess sem hana hefur og jafnvel gert viðkomandi fyrirtæki auðveldara um vik að fjármagna sig. Nú þegar rétt um mánuður er frá því að VR hóf þessa herferð hefur fjöldi fyrirtækja sótt um og mörg hver eru komin langt á veg með að fá vottun. Fyrirtæki sem fá vottun setja ákveðna pressu á þau fyrirtæki sem ekki hafa vottunina því ég geri ráð fyrir því að allir vilji sýna og fá staðfestingu á því að ekki sé verið að mismuna starfsfólki.

## KOSNINGAR Í VR

Nú eru kosningar fram undan hjá VR, en þær hefjast þann 7. mars og lýkur á hádegi 15. mars. Í blaðinu eru upplýsingar um frambjóðendur til formanns og stjórnar VR, sem og kynning á áherslum þeirra. Þetta er öflugt fólk sem hefur boðið sig fram til trúnaðarstarfa fyrir félagið, en til formanns eru tveir í framboði og tólf til stjórnar. Ég vil hvetja alla VR-félaga til að kynna sér frambjóðendur og áherslur þeirra vel og nýta síðan rétt sinn og kjósa.



# VINNUSTAÐAGREINING Á SKRIFSTOFU VR KEMUR MJÖG VEL ÚT

Það segir sitt um vinnustaði, starfsanda og umhverfi ef fólk finnst gaman að mæta í vinnuna. Þá má ætla að starfsfólki líði vel, það sinni að öllum líkindum verkefnum sem eru vel skilgreind og hefur góð tök á viðfangsefni sínu. Meiri líkur eru á því að ánægður starfsmaður þroskist og dafni í starfi og að starfsánægjan aukist enn frekar.

Vandaðar vinnustaðagreiningar eru góð tæki til þess að meta vinnustaði og draga upp raunsanna mynd af honum. Í kjölfar þeirra er hægt að bregðast við og bæta það sem betur má fara, því ávallt er hægt að gera betur sem og að styrkja enn frekar það sem vel er gert.

Nýverið fól VR Capacent Gallup að gera vinnustaðagreiningu á skrifstofu VR en fyrirtækið hefur unnið að slíkum greiningum um árabíl. Í gagnagrunni Capacent eru nú niðurstöður um 200 samskonar vinnustaðagreininga og svör um 55.000 einstaklinga. Þessi gagnagrunnur er notaður til að fyrirtæki sjái hvernig vinnustaðurinn kemur út miðað við aðra vinnustaði sem tekið hafa þátt í sambærilegri greiningu.

Skemmst er frá því að segja að skrifstofa VR kom afar vel út úr greiningu Capacent. Svarhlutfall var mjög hátt eða 96%. Almenn ánægja starfsmanna er yfir meðaltalsánægju þeirra vinnustaða sem Capacent hefur áður greint, þegar á heildina er litið.

Meðal helstu niðurstaðna greiningarinnar eru að 90% starfsmanna á skrifstofu VR eru frekar eða mjög ánægðir í starfi og 96% segjast vita til hvers er ætlast af þeim. 98% starfsmanna segjast hafa þau tæki og gögn sem eru nauðsynleg til að viðkomandi geti sinnt starfi sínu vel og 91% segjast fá tækifæri til þess á hverjum degi að gera það í vinnunni sem viðkomandi kann best. 98% starfsfólksins sagði að einhver á vinnustaðnum bæri umhyggju fyrir þeim sem einstaklingi, 89% sagðist hlakka til að mæta í vinnuna og 93% starfsfólksins sagði gott jafnvægi ríkja milli vinnunnar og einkalífsins.

Capacent flokkar niðurstöður spurninga í þrjú flokka. Þær niðurstöður sem gefa til kynna að aðstæður á vinnustað valdi starfsmönnum nokkrum áhyggjum og aðstæður séu letjandi fyrir starfsmenn falla í flokkinn aðgerðabil. Næsta bil kallast starfshæft bil sem bendir til að hegðun og viðhorf starfsmanna séu tiltölulega stöðug. Efstu stig þessarar flokkunar kallast styrkleikabil. Einurð og stöðuleiki einkenna styrkleikabilið, samkvæmt skilgreiningu Capacent.

Þegar skrifstofa VR var skoðuð í heild kom í ljós að engin spurning féll á aðgerðabil, 33% þeirra höfnuðu á starfshæfa bilinu en 67% á styrkleikabilinu. Það er því ljóst að góður andi ríkir á skrifstofu VR, starfsfólkið er almennt ánægt í starfi og það endurspeglast vonandi í góðri þjónustu við félagsmenn í VR.

## FÉKKSTU LAUNAHÆKKUN?

Samkvæmt kjarasamningum VR hækkuðu laun um 3,25% frá og með 1. febrúar 2013. Lágmarkstaxtar hækkuðu um kr. 11.000 frá sama tíma. Athugið að launahækkunin tekur til launa fyrir febrúarmánuð og kemur til greiðslu þann 1. mars.

## NÚ ER TÍMABÆRT AÐ HUGA AÐ HEILSUNNI

Fjölmargir félagsmenn sækja um styrk úr VR varasjóði á hverju ári til að greiða fyrir heilsurækt af ýmsu tagi. Við viljum minna á að greiðslur úr sjóðnum, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun eða vegna endurhæfingar í kjölfar slyss eða veikinda, eru undanþegnar staðgreiðsluskyldu að hámarki kr. 50.000 á árinu 2013, en upphæð miðar við réttindainneign hvers og eins félagsmanns í sjóðnum.

Við viljum líka benda félagsmönnum á að greiðsla úr varasjóði vegna leigu á orlofshúsi VR að hámarki kr. 50.000 á ári er einnig undanþegin staðgreiðslu sem og greiðslur sem nýttar eru til starfsnáms. Upphæð miðar við réttindainneign hvers og eins félagsmanns í sjóðnum.

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér sjóðina og hvaða rétt þeir eiga til styrkja. Hver og einn getur séð sína stöðu í sjóðum félagsins á Mínum síðum á vefnum. Þar er einnig hægt að sækja rafrænt um styrk úr VR varasjóði og starfsmenntasjóðum.

## TRÚNAÐAR-MANNANÁMSKEIÐ

### SJÓÐIR OG ÞJÓNUSTA VR

**26. mars 2013 kl. 8.30-12**

**Leiðbeinendur:** Starfsmenn þjónustudeildar VR.

Þjónusta VR er víðtæk og á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð og Starfsmenntasjóð verslunarmanna. Þjónusta VR við atvinnuleitendur verður kynnt og farið yfir starfsemi starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK.

### KJARAMÁL

**10. apríl 2013 kl. 8.30-12**

**Leiðbeinendur:** Starfsmenn kjarasviðs VR.

Farið verður yfir helstu atriði kjarasamninga VR s.s. veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til að ræða mál og fá svör við spurningum sínum.



## AÐ SEMJA UM LAUNIN

VR býður félagsmönnum sínum á ókeypis námskeið til undirbúnings fyrir launaviðtalið. Hægt er að skrá sig rafrænt á námskeiðið á [www.vr.is](http://www.vr.is) eða með því að hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700.

### UM NÁMSKEIÐIÐ

Farið verður yfir þá þætti sem skapa virði starfsmanna. Rætt verður um starfsþróun, atvinnuhæfni og starfsþróunaráætlanir. Þátttakendur leggja mat á eigið vinnuframlag, meta styrkleika og veikleika sína og koma auga á þau tækifæri sem eru til staðar. Þátttakendur rýna einnig í eigin menntun, þekkingu, færni, hæfni, reynslu, árangur og frammistöðu í starfi. Farið verður í undirbúning launaviðtalsins og kenndar mismunandi aðferðir í samningatækni sem nýtast í launaviðtalinu. Fyrirlesari er Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

### Það sem er tekið fyrir á námskeiðinu:

- Atvinnuhæfni - starfsþróun
- Að leggja raunhæft mat á sjálfan sig
- Undirbúningur launaviðtalsins - greining gagna
- Samningatækni

### Ávinningur:

- Þekkja styrkleika og veikleika
- Geta gert starfsþróunaráætlanir og eft atvinnuhæfni sína
- Öðlast sjálfstraust í launaviðtalinu
- Aukið virði sitt sem starfsmenn og þar með árangur í launaviðtalinu

### Kennsluaðferðir:

- Verkefni
- Fyrirlestur
- Hlutverkapjálfun

### Hvar og hvenær?

Námskeiðið er 3 klst., frá kl. 19-22 og er í boði 8. og 10. apríl. Það er haldið í húsakynnum VR í Kringlunni 7 í Reykjavík og er ókeypis fyrir fullgilda félagsmenn VR. Félagmenn utan höfuðborgarsvæðisins geta fylgst með í gegnum fjarfundarbúnað á skrifstofum VR.



06

# MERKILEGT BRAUTRYÐJENDASTARF

Jafnlaunavottun VR tryggir að borin séu saman epli og epli við launagreiningu í fyrirtækjum.

Viðtal: **Pétur Blöndal** // Mynd: **GASSI**

Í rúman áratug hefur VR verið í fararbroddi í baráttunni fyrir launajafnrétti kynjanna. Með jafnlaunavottuninni sem nú hefur verið hleypt af stokkunum getum við tekið enn frekari skref fram á við að settu marki, að sögn Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra VR. Aðrar þjóðir fylgjast náið með framvindunni.

„Við erum eins og stór fjölskylda,” segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri VR, sem ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, þegar hún er innt eftir menningunni innan félagsins.

„Mitt starf á sér marga snertifleti og ég vinn náið með öllu starfsfólki, þar sem hver og einn er sérfræðingur á sínu sviði. Það er skemmtilegt að fá að vera með í fjölbreyttum verkefnum.“

## FJÖLBREYTTARI ÞJÓNUSTA

Hún hóf störf sem sviðsstjóri rekstrar- og fjármálasviðs árið 2008. „Þetta hefur verið

annasamur tími, en líka lærdómsríkur og skemmtilegur. Það er áhugavert að koma inn í svona félagslegt umhverfi eftir að hafa áður starfað í fyrirtækjaumhverfi, sjónarhornið er oft annað og viddirnar í raun fleiri. „Það vinna um 50 manns hérna hjá félaginu og við erum öll eins og ein stór fjölskylda.“

„Félagið hefur breyst mikið á þessum tíma, gerjunin hefur verið mikil og vöxturinn ör síðustu misserin,” segir Helga. „Í dag þjónustum við á skrifstofum okkar m.a. atvinnuleitendur innan raða VR og bjóðum upp á VIRK starfsendurhæfingu auk kjaramálaráðgjafar sem ávallt hefur haft mikilvægan sess í starfsemi félagsins. Þá er orlofstengd þjónusta við félagsmenn orðin fjölbreyttari o.s.frv. Svo erum við nú að ráðast í þetta stóra verkefni, jafnlaunavottunina sem við höfum horft til í rúman áratug. Eftir að Staðlaráð Íslands gaf út

jafnlaunastaðal í desember síðastliðnum gafst tækifæri til að byggja ofan á hann og gefa út okkar jafnlaunavottun, Jafnlaunavottun VR.“

## STÍGANDI Í JAFNRÉTTISBARÁTTU

Barátta VR í jafnréttismálum hefur staðið áratugum saman og hefur verið árangursrík, að sögn Helgu. „Við höfum verið mjög sýnileg í okkar baráttu og það skilar því að við mælumst með minnstan kynbundinn launamun í samanburði við önnur þau stéttarfélög sem mælingar gera – við höfum haldið umræðunni á lofti og farið í öflugar herferðir.“ Hún dregur upp mynd sem sýnir allar auglýsingaherferðirnar fyrir jafnrétti sem VR hefur ráðist í á undanliðnum árum. „Við byrjuðum fyrir aldamótin og fórum í hverja herferðina á fætur annarri til að vekja almenning til vitundar um þennan óútskýrða kynbundna launamun. Það er eflaust ein rötin að því

að óútskýrður launamunur kynjanna er þó kominn úr 15% í tæp 10%. Þá stöndum við fyrir launakönnun VR, þar sem fólk getur borið laun sín saman við kjör félagsmanna í svipuðum störfum og hefur það líka hjálpað til. En það hefur vantað verkfæri til að klára dæmið. Ég tel að jafnlaunavottunin gegni því hlutverki.“

Jafnlaunastaðallinn var gefinn út 20. desember í fyrra, en VR hefur unnið að þessu máli mun lengur en það. „Við fylgdumst með góðri vinnu Staðlaráðs Íslands og komum að þeirri vinnu að nokkru leyti. Þetta er merkilegt brautryðjendastarf, fyrsti staðall í heiminum sem gefinn er út um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf, en við höfum bætt hann enn frekar. Það er til dæmis einn af annmörkum staðalsins að okkar mati að hann kveður ekki á um að óháður aðili votti þau fyrirtæki sem sækjast eftir vottun. En við teflum því fram að notuð verði sama mælistikan á öll fyrirtæki og að mælingarnar séu framkvæmdar af óháðum aðila, þannig að tryggt sé að vottun allra fyrirtækja sé byggð á sama grunni. Við erum því komin með afar öflugt tæki sem fyrirtæki geta notfært sér.“

## EITTHVAÐ ÓSÝNILEGT?

BSI, British Standards Institution, er vottunar-aðilinn, en það er íslenskt vottunarfyrirtæki með íslenska starfsmenn. „Þetta gerir stjórnendum í fyrsta lagi kleift að skoða hvort eitthvað sé „ósýnilegt“ á þeirra vinnustað, þ.e. hvort starfsmönnum séu ekki borguð jafnhá laun fyrir jafnverðmæt störf, en það er ekkert alltaf augljóst,“ segir Helga. „Oftar en ekki má bæta eitthvað. Við finnum að stjórnendur vilja enga slíka ósýnilega glerveggi. Þessi aðferðarfræði gerir þeim kleift að meta frá ólíkum sjónarhornum, velta öllum steinum við og hefja það upp á yfirborðið sem áður var ósýnilegt. Iðulega er einhver ástæða fyrir launamuninum, eitthvert smáatriði sem mönnum yfirsést og vindur svo upp á sig, og nú gefst færi á að leiðrétta það.“

Helga segir stjórnendur almennt hafa lýst ánægju með að vera komnir með umgjörð til þess að vinna eftir. „Stjórnendur geta metið hvert og eitt starf með faglegum hætti, bæði til launa og annarra þátta. En til grundvallar liggur ákveðin vinna hjá fyrirtækjum, eins og almennt í stöðluðu umhverfi. Þau þurfa m.a. að leggja fyrir skriflegar stefnur, skráða ferla, launaviðmið og starfaflokkun og gera kerfisbundna launagreiðingu. Þetta eru stóru verkefni sem fyrirtæki þurfa að ráðast í.“

Greiningin lýtur ekki aðeins að kynjabundnum launamun heldur launamun almennt. „Grunnhugmyndin er sú að greidd séu sömu laun



*En það liggja verðmæti í því fyrir fyrirtæki að fá þetta tæki upp í hendurnar til að hrinda þessu í framkvæmd, enda er næsta víst að það eyðir tortryggni og eykur ánægju starfsmanna*

fyrir jafnverðmæt störf, og vinnulagið dregur það fram ef starfsfólki er mismunað. Við höfum nú þegar kynnt þessa vottun fyrir nokkrum fyrirtækjum og stofnunum og það er áhugavert og gaman að finna hversu vel stjórnendur taka þessu. Ég hef ekki mætt neinni fyrirstöðu og stjórnendur virðast heilshugar tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að útrýma þessari meinsemd í eitt skipti fyrir öll. Það er afar ánægjulegt.“

## STENDUR ÖLLUM TIL BOÐA

Helga bendir á að VR hafi talið það algjörlega nauðsynlegt frá upphafi að fá óháðan aðila til að fara í gegnum vottunarferlið með fyrirtækjunum. „Það væri heldur ekki eðlilegt ef stéttarfélag væri að vasast í launakerfum fyrirtækja eða stofnana, þannig að við gætum þess að við fáum engar upplýsingar um stöðu fyrirtækjanna eða matsferli. Vottunarferlið er algjörlega á milli BSI og fyrirtækjanna, á milli þeirra ríkir algjör trúnaður. Og það er líka ástæða til að taka fram að samanburðurinn fer einungis fram innan veggja fyrirtækisins; launin eru ekki borin saman við það sem gengur og gerist í sambærilegum störfum innan annarra fyrirtækja. Það er lykiltríði að þetta sé gert af fagmennsku og að algjört traust ríki á milli aðila.“

Vottunarferlið getur tekið nokkurn tíma, því fyrirtækin þurfi að leggja í ákveðna vinnu. „Þú dregur þessa vottun ekki upp úr Cocoa Puffs-pakka, enda á það ekki að vera þannig,“ segir Helga. „Þunginn af innleiðingunni liggur hjá starfsmannastjórum og getur tekið einhverjar vikur í það heila. En auðvitað er það eins misjafnt og fyrirtækin eru mörg. Við munum ekki þrýsta á fyrirtæki að fara í gegnum ferlið á ljóshraða, heldur að það gerist jafnt og þétt. BSI leggur línurnar og þegar fyrirtækin hafa gert viðeigandi lagfæringar, sé á því þörf, þá fá þau Jafnlaunavottun VR í hendurnar. Það er mikilvægt að taka fram að vottunin stendur öllum fyrirtækjum og stofnunum til boða, ekki bara þeim sem eru með VR-félagsmenn. Við vinnum auðvitað fyrst og fremst fyrir félagsmenn VR en við lítum svo á að það komi þeim best að þessum launamun sé útrýmt yfir línuna og að allir styðjist við sömu viðurkenndu aðferðarfræðina. Þá er það von okkar að árangur þessarar vinnu muni í tímans rás endurspeglast í launakönnun VR, en hún sýnir stöðuna á

vinnumarkaðnum á hverjum tíma.“

Í vottuninni felst ekki endilega að allir á sama stað í skipuritinu fái sömu laun, að sögn Helgu. „Tilgangurinn er ekki að jafna allt út, heldur að gera kröfu til stjórnenda um að skilgreina hvert starf nákvæmlega, að það lýsi verkefnum nákvæmlega, og að svo fái menn umbun samkvæmt því. Við leggjum líka til að gerðar séu umbunartöflur til að meta sérstakar aðstæður. Ég get nefnt sem dæmi að stundum hafa fyrirtæki umbunað starfsmönnum sem komnir eru yfir sextugt og boðið þeim að minnka við sig vinnu, ábyrgð eða starfshlutfall síðustu ár starfsævinnar en halda sömu launum. Þá er það gert samkvæmt ákveðinni umbunartöflu, en það þarf þá að gilda jafnt fyrir alla sem eru í sömu aðstöðu innan fyrirtækisins, ekki bara karlinn og ekki konuna.“

## FREMST Í FLOKKI

En hjá því verður ekki komist að innleiðing staðals sé svolítið ferköntuð í eðli sínu. „Jú, að vissu leyti,“ segir Helga. „Fyrirtæki þurfa að temja sér öguð vinnubrögð, það þurfa t.a.m. að liggja fyrir skriflegri ráðningarsamningar og starfslýsingar, stefnur og skjalfest jafnlaunastefna félagsins, og stjórnendur þurfa að leggja línurnar. Í flestum fyrirtækjum er þetta raunar þegar til. En það liggja verðmæti í því fyrir fyrirtæki að fá þetta tæki upp í hendurnar til að hrinda þessu í framkvæmd, enda er næsta víst að það eyðir tortryggni og eykur ánægju starfsmanna, sem smitar út frá sér. BSI leiðbeinir fyrirtækjunum eins og hægt er, því auðvitað eru þeim viss mörk sett sem vottunaraðili. Við erum þess fullviss að það er sameiginlegt markmið okkar allra og á ábyrgð okkar allra, þ.e. atvinnurekenda sem og launþega, að eyða þessum smánarbletti, þessum kynbundna launamun, í eitt skipti fyrir öll.“

Hún segir þrátt fyrir allt geti Íslendingar glaðst yfir því að standa mjög framarlega, ekki bara í samanburði við nágrannaþjóðirnar heldur í heiminum öllum. „Við vitum af því að félagasamtök og stéttarfélag erlendis fylgjast náið með þessari vinnu sem við leiðum. Það getur vel orðið til þess að aðrar þjóðir fylgi í kjölfarið. Það væri spennandi og skemmtilegt fyrir Íslendinga að eiga heiðurinn af því að hafa byrjað og verið fremstir í flokki í innleiðingu jafnlaunavottunar sem þessarar.“

# KOSNINGAR 2013



08

## ALLSHERJARATKVÆÐA- GREIÐSLA Í VR 2013

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs formanns og stjórnar VR hefst kl. 09.00 fimmtudaginn 7. mars 2013 og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 15. mars 2013. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

### HVERJIR HAFNA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvað félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

### BRÉF TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir kosningabærir félagsmenn fá sent bréf í pósti með upplýsingum um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR, þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið [kjorstjorn@vr.is](mailto:kjorstjorn@vr.is) eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

### HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa skráir þú þig inn á **Mínar síður** á heimasíðu VR með lykilorði þínu og smellir á hnappinn **Atkvæðaseðill**. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú hefur ekki lykilorð inn á Mínar síður getur þú sótt um lykilorð og það verður sent í heimabanka þinn eða á heimilisfang þitt eins og það er skráð í félagskrá VR.



Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 14 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

#### **FRAMBJÓÐENDUR**

Kosið er á milli tveggja frambjóðenda til formanns og milli tólf frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, [www.vr.is](http://www.vr.is).

#### **FRAMBJÓÐENDUR TIL FORMANNS VR ERU (Í STAFRÓFSRÖÐ):**

Ólafía Björk Rafnsdóttir  
Stefán Einar Stefánsson

#### **FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR ERU (Í STAFRÓFSRÖÐ):**

Ásta Rut Jónasdóttir  
Benedikt Vilhjálmsson  
Birgir Már Guðmundsson  
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir  
Helga Ingólfssdóttir  
Jóhann Már Sigurbjörnsson  
Jón Magnússon  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Óskar Kristjánsson  
Páll Örn Líndal  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Rannveig Sigurðardóttir

Ekkert mótframboð barst gegn lista Uppstillinganefndar VR í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listinn er birtur í heild sinni á bls. 21.

## **VOTING FOR THE POSITIONS OF PRESIDENT AND BOARD MEMBERS**

VR will hold a secret ballot to elect a president and board members for VR. The voting will begin at 9.00 am 7th March 2013 and will end at 12.00 noon on 15th March 2013.

#### **WHO IS ENTITLED TO VOTE?**

All VR members in good standing are entitled to vote. Also

entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67.

All members entitled to vote will receive a letter detailing the voting process. Access to electronic ballot papers is via Mínar síður on the VR website (members' personal pages on the website).

If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103, Reykjavík or by e-mail to VR's election committee [kjorstjorn@vr.is](mailto:kjorstjorn@vr.is), before the end of voting at 12.00 noon on 15th March 2013.

#### **HOW TO VOTE**

The voting is electronic via Mínar síður on the VR website. To access Mínar síður you need a password which you can apply for on the VR website and will be sent as an online statement to your online bank under the header Lykilorð frá VR.

Once you have logged on to **Mínar síður**, please choose the button **Ballot** on the front page and you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmannaeyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

#### **CANDIDATES FOR THE POSITION OF PRESIDENT ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:**

Ólafía Björk Rafnsdóttir  
Stefán Einar Stefánsson

#### **CANDIDATES FOR MEMBERS OF THE EXECUTIVE BOARD ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:**

Ásta Rut Jónasdóttir  
Benedikt Vilhjálmsson  
Birgir Már Guðmundsson  
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir  
Helga Ingólfssdóttir  
Jóhann Már Sigurbjörnsson  
Jón Magnússon  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Óskar Kristjánsson  
Páll Örn Líndal  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Rannveig Sigurðardóttir

For further information on the candidates, see p. 13-20 and the VR website, [www.vr.is](http://www.vr.is) (in Icelandic only). Please contact VR's service center, tel.: 510 1700, for further information and assistance.



## Ólafía Björk Rafnsdóttir

**Fæðingardagur og ár**  
29. október 1960

**Félagasvæði**  
Reykjavík og nágrenni

**Netfang**  
olafiabjork@gmail.com

**Facebook**  
Ólafía B. Rafnsdóttir

### MENNTUN, STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Ég útskrifaðist með MBA-gráðu við Háskóla Íslands árið 2012, lauk námi í mannauðsstjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2005 og verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2004. Á árabílinu 1996-2013 hef ég margsinnis sinnt snörpum álagsverkefnum sem kosningastjóri. Ég starfaði hjá 365 miðlum ehf. 2005-2012. Þar var ég framkvæmdastjóri mannauðssviðs og sá m.a. um þverfagleg verkefni og kjarasamningsgerð. Ég var áður framkvæmdastjóri starfsmanna- og þjónustusviðs og verkefnastjóri áskriftasöludeildar hjá fyrirtækinu. Ég var deildarstjóri innheimtudeildar Tals 1999-2002 og þjónustustjóri Islandia Internet ehf. 1997-1999. Ég starfaði á skrifstofu VR 1989-1996, hóf þar störf í móttöku, síðan í kjaramáladeild, var í afleysingum við sjúkrasjóð og sá síðan um bókhald VR og skyldra félaga. Ég var formaður Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina 2011, í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1995-2001, varamaður í Jafnréttisráði 2001-2003 og formaður Landsliðsnefndar kvenna í handbolta 1995-1996.

### HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef brennandi áhuga á kjaramálum og réttlátu samfélagi. Það eru blikur á lofti í íslensku samfélagi og ef fram heldur sem horfir mun barátta fyrir betri launum og meiri kaupmætti verða fyrirferðarmikil á næstu misserum. Verkalýðshreyfingin á að taka forystu um nýja þjóðarsátt um stöðugleika á vinnumarkaði og fá til liðs við sig atvinnuveitendur og stjórnvöld. Réttlátt samfélag verður ekki nema launafólk geti lifað af mannsæmandi launum.

Öruggt heimili er einn af mikilvægustu þáttum velferðarsamfélagsins. VR á að hafa forystu í að fjölga valkostum í húsnæðismálum og beita sér fyrir því að fólk geti valið á milli búsetuforma. Við þurfum alvöru leigumarkað íbúðarhúsnæðis eins og tíðkast á Norðurlöndum og stuðla að heilbrigðri fjármögnun eigin húsnæðis með lækkun vaxta.

VR þarf að setja starfsendurmenntun í öndvegi. Árlega nýta einungis 10%-15% VR-félaga þá endurmenntunarstyrki sem starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks býður upp á. Félagið þarf að aðstoða félagsmenn sína með markvissari hætti til að grípa ný tækifæri, endurmennta sig og gera sig hæfari á síbreytilegum vinnumarkaði. Það eru margar hópar innan VR sem hægt væri að nálgast með markvissari hætti. Það gerist með því að greina þá niður eftir starfsgreinum, meta þörf hvers hóps og kynna fyrir þeim betur þá möguleika sem eru til menntunar.

Ný áhersla á sveigjanleg starfslok er tímabær og nauðsynleg. Það er mannréttindamál að launamenn hafi val um hvenær og hvernig þeir hætta störfum.

Ég stefni að því að verða formaður allra félagsmanna VR en félagið á enn nokkuð í land með að ná því þreki og trausti sem það hafði fyrir efnahagshrunið haustið 2008. Það þarf dirfsku og styrk til að snúa vörn í sókn í kjarabaráttu næstu missera sem og að tryggja starfsöryggi þess fjölbreytta hóps sem er í VR.

Vinnum saman að enn sterkara félagi fyrir okkur öll.

# FORMAÐUR VR Á AÐ VERA FORMAÐUR ALLRA FÉLAGSMANNA

Undanfarið hafa auglýsingar um jafnlaunavottun VR verið í fjölmiðlum. Frábært framtak félagsins í jafnréttismálum sem mun vonandi skila sér, en talið er að konur á Íslandi verði af fimm milljörðum króna árlega vegna mismununar í launum. Glerveggir sem konur hafa löngum rekið sig á eru sýnilegri í dag af því að íslenskt samfélag, bæði konur og karlar, eru meðvitaðri um þá mismunun sem konur hafa löngum búið við á vinnumarkaði. Jafnrétti snýst einnig um það að konur veljist til forystu í samfélaginu og nú býð ég mig fram til formanns VR.

## MANNSÆMANDI LAUN Í RÉTTLÁTU SAMFÉLAGI

Það eru blikur á lofti í íslensku samfélagi. Frá efnahagshruninu 2008 hafa launamenn tekið á sig gríðarlegar kjaraskerðingar og víða er orðið þröngt í búi. Ef fram heldur sem horfir mun baráttu fyrir betri launum og meiri kaupmætti verða fyrirferðarmikil á næstu misserum. Verkalýðshreyfingin á að taka forystu um nýja þjóðarsátt um stöðugleika á vinnumarkaði og fá til liðs við sig atvinnuveitendur og stjórnvöld. Réttlátt samfélag verður ekki nema launafólk geti lifað af mannsæmandi launum. Fyrir því verður að berjast með öllum tiltækum ráðum.

## ÖRUGG HEIMILI BRÝNT KJARAMÁL

Dæmi eru um að fólk sé að greiða stóran hluta launa sinna í húsnæðiskostnað og sé að gefast upp. Frá hruni horfum við fram á hópa fólks á ýmsum aldri sem hefur misst húsnæði sitt og á engra annarra kosta völ en að vera á erfiðum og dýrum leigumarkaði. Það verða að koma nýir valkostir í búsetumálum og VR á að taka þátt í að fjölga þeim. Við þurfum alvöru leigumarkað íbúðarhúsnæðis eins og tíðkast á Norðurlöndum og stuðla að heilbrigðri fjármögnun eigin húsnæðis með lækkun vaxta. Öruggt heimili er einn af mikilvægustu þáttum velferðarsamfélagsins og sömuleiðis mikilvægt kjaramál.

## MIKILVÆGI STARFSÞRÓUNAR

Ég hætti í skóla aðeins 14 ára gömul, eignaðist mitt fyrsta barn og fór síðan á vinnumarkaðinn. Ég var rúmlega fertug þegar ég fór aftur í nám og hef síðan þá nýtt mér þá fjölbreyttu möguleika til menntunar sem í boði eru. Síðast en ekki síst hef ég eflst við hvert próf samhliða því sem ég hef sinnt störfum mínum.

Eins og gefur að skilja hef ég mikinn áhuga á starfsmenntamálum en glerveggurinn er þar líka og við þurfum að brjóta hann niður. Margir vildu gjarnan komast í nám en geta það ekki vegna langs vinnutíma, fjölskylduaðstæðna eða kjara svo dæmi séu tekin. VR þarf að setja starfsmenntamál í öndvegi. Árlega nýta einungis 10%-15% VR-félaga þá styrki sem starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks býður upp á. Félagið þarf að aðstoða félagsmenn sína með markvissari hætti til að grípa ný tækifæri, endurmennta sig og gera sig hæfari á síbreytilegum vinnumarkaði. Nú er komið verkfæri þar sem reynsla og þekking fólks á vinnumarkaði er metið, svokallað raunfærnimat. Loks er það viðurkennt að hægt sé að læra á vinnumarkaði eins og í skóla!

## SVEIGJANLEG STARFSLOK MANNRÉTTINDAMÁL

Ný áhersla á sveigjanleg starfslok er tímabær og nauðsynleg. Það er mannréttindamál að launamenn hafi val um hvenær og hvernig þeir hætta störfum. Fólk er heilsuhraustara en það var fyrrum og vill vera lengur á vinnumarkaði á sama tíma og aðrir vilja minnka starfshlutfall eftir því sem aldurinn færir yfir. Umræða þarf að fara af stað um með hvaða hætti hægt sé að koma til móts við þennan hóp félagsmanna VR.

## GRASRÓTIN

Trúnaðarráð VR þarf að virkja með skipulegri hætti en gert er. Þannig ættu fulltrúar úr trúnaðarráði að sitja í flestum nefndum og ráðum á vegum félagsins.

## Í LOKIN

Ég óska eftir brautargengi til formanns VR. Ég vona að reynsla mín af margs konar störfum síðastliðin 30 ár komi félaginu að notum næstu árin.



12

## Stefán Einar Stefánsson

### Fæðingardagur og ár

22. september 1983

### Félagasvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang og vefsíður

stefan@vr.is

www.stefaneinar.is

### Facebook

stefan.e.stefansson

### MENNTUN, STARFSREYNSLA OG FÉLAGSSTÖRF

Hef sinnt fjölmörgum trúnaðarstörfum á vettvangi VR og Landssamband Íslenskra verzlunarmanna. Sit í miðstjórn ASÍ, stjórn og framkvæmdastjórn VIRK-starfsendurhæfingarsjóðs, stjórn STARFS – vinnumiðlunar og ráðgjafar. Sit í stjórn Rannsóknaseturs verslunarinnar og þá er ég formaður atvinnumálanefndar ASÍ. Þá sit ég fyrir hönd LÍV í Nordisk komité og Nordisk handel, sem er samráðsvettvangur norræna stéttarfélaganna verslunar- og skrifstofufólks. Hef sinnt stundakennslu í siðfræði við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og ýmsar aðrar fræðslustofnanir, m.a. Opna háskólann, Þekkingarnet Austurlands og Háskólann á Akureyri. Var fastráðinn starfsmaður við lagadeild Háskólans í Reykjavík á árunum 2008-2010.

### HELSTU ÁHERSLUR

Nýr kjarasamningur verði undirritaður 1. desember 2013

- Ný þjófarsátt þar sem atvinnurekendur og stjórnvöld axla sína ábyrgð líkt og við launafólk höfum gert á síðustu árum.
- Kaupmáttaraukning og stöðugleiki
- Böndum verði komið á verðtrygginguna
- Millitekjuhópurinn verði í forgangi

Þjónusta við félagsmenn verði eflað enn frekar

- Stefnumótun í starfsmenntamálum ljúki í lok árs 2013
- Orlofsbyggðin í Miðhúsaskógi verði miðpunktur orlofsþjónustu
- Starfsendurhæfing verði eflað og ráðgjöfum fjölgað
- Atvinnuleitendur geti áfram sótt ráðgjöf og vinnumiðlun til félagsins
- Félagmenn fái sérsniðna þjónustu að eigin þörfum
- Upplýsinga- og fréttamiðlun færist enn frekar inn á internetið

VR styrki enn frekar stöðu sína

- Jafnlaunavottun VR innleidd hjá öllum stórum og millistórum fyrirtækjum
- Traust félagsmanna á félaginu aukist enn frekar
- Skrifstofa VR verði áfram eftirsóttur vinnustaður
- VR hafi mótandi áhrif á starfsemi ASÍ og LÍV
- Aukin þátttaka í starfi félagsins, m.a. fundum Trúnaðarráðs
- VR verði áfram mótandi afl í samfélaginu

# STÖNDUM VÖRÐ UM VR

Á árunum 2008 til 2011 gekk félagið okkar í gegnum mikið hremminga-skeið þar sem það varð á tímum næsta stjórnlaust. Innbyrðis átök og óeining réðu þar miklu og sómuleiðis tíð frumhlaup einstaklinga í fjölmíðlum. Það olli því að félagið missti traust og mælingar sýndu að mikill minnihluti félagsmanna taldi félagið rísa undir ábyrgð sinni.

Árið 2011 urðu töliverð umskipti á forystu félagsins, nýr formaður var kjörinn og meirihluti stjórnar tók höndum saman við að endurheimta traust félagsmanna og vinna úr þeim óafgreiddum málum sem hrannast höfðu upp á undan. Þeirri vinnu stýrði undirritaður ásamt nýráðnum framkvæmdastjóra félagsins, Helgu Árnadóttur. Þetta endurreisnarstarf var margslungið og alls ekki auðvelt en úr því var leyst með því að velja réttan veg þegar á krossgötunum var komið. Eftir á að hyggja hefur fyrrnefnt erfiðleikatímabil falið í sér ákveðin tækifæri sem nýtt hafa verið til hins ítrasta, með hagsmuni félagsmanna VR að leiðarljósi.

Nú þegar félagsmenn VR fá það verkefni að leggja mat á starf félagsins síðustu tvö árin, kann að vera gott að spyrja sig: Er félagið betur stadd nú en árið 2011? Hefur það aukið hróður sinn í samféluginu? Hefur það tekið slaginn fyrir félagsmenn sína?

## KJARASAMNINGUR

Með kjarasamningi sem undirritaður var 5. maí 2011 voru félagsmönnum VR tryggðar launahækkanir sem nema að lágmarki 11,4% og eru þær allar komnar til framkvæmda nú. Þá hafa lágmarkslaun í félaginu hækkað um 23,6% á sama tíma. Ýmsir aðrir áfangasigrar fylgdu nýjum samningi, m.a. er varða slysatryggingar og orlof.

## HAGRÆÐING OG SAMHENTUR HÓPUR STARFSMANNA

Árið 2011 hóf félagið undirbúning að skipulagsbreytingum sem síðan voru kynntar í mars 2012. Við þær breytingar fækkaði sviðum félagsins úr fimm í þrjú og á sama tíma hófst undirbúningur að nýrri þjónustu við atvinnuleitendur. Með breytingunum náðist markverður árangur, stjórnunarkostnaður lækkaði mikið og almenn rekstrarhagræðing varð á fyrsta ári nærri 30 milljónir króna. Hún tryggir að félagið fer eins vel með fjármuni félagsmanna og unnt er. Þessar breytingar reyndu á skrifstofu félagsins. Leiðir skildu með félaginu og nokkrum starfsmönnum í tengslum við þær – það er óhjákvæmilegur fylgífiskur mikilla breytinga sem fela í sér nýja hugsun og nýjar áherslur. Það er full ástæða til að virða viðhorf þeirra sem ekki féllust á breytingarnar og telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði vegna þeirra. Það breytir þó ekki því að félagið stendur sterkara nú en fyrr.

Á sama tíma lögðu stjórnendur félagsins mikla áherslu á að bæta andrúmsloft á skrifstofu félagsins en ýmis þau áföll sem félagið hafði orðið fyrir árin á undan höfðu valdið starfsfólki miklum áhyggjum og vanlíðan. Í hlutlausri könnun sem framkvæmd var af Capacent nú í janúar sýndi að stjórnendum félagsins hefur ekki einasta tekist að byggja upp samstöðu og jákvætt andrúmsloft – vinnustaðurinn mælist betur en nokkur annar sem Capacent hefur komið að á undanföllum árum. Sá árangur er til fyrirmyndar og gleðilegur fyrir alla félagsmenn VR.

## ÞJÓNUSTA VIÐ ATVINNULEITENDUR

Eins og áður sagði tók VR við þjónustu við atvinnuleitandi félagsmenn sína þann 1. ágúst síðastliðinn. Nú er svo komið að félagið hefur á sínum snærum 8 vinnumiðlara og ráðgjafa sem hafa það markmið að leiðbeina atvinnuleitendum innan félagsins, með það að markmiði að fólk komist aftur á vinnumarkaðinn sem virkir þátttakendur. Þetta þriggja ára tilraunaverkefni gerir félaginu kleift að þjónusta félagsmenn sína með heildstæðum hætti, ekki síst þá sem verða fyrir mestu skakkaföllunum og eru í þrengstri stöðu. Þjónustan tryggir að VR veitir umfangsmeiri þjónustu við félagsmenn sína en nokkuð annað stéttarfélag í landinu.

## JAFNRÉTTISBARÁTTA Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Í kosningunum 2011 hét ég félagsmönnum því, næði ég kjöri, að félagið myndi beita sér fyrir jafnlaunavottun fyrir fyrirtæki. Ég fullyrta að það væri eina verkfærið sem dugað gæti í baráttunni við kynbundinn launamun. Þann 5. febrúar síðastliðinn kynnti félagið Jafnlaunavottun VR til sögunnar og hefur hún vakið verðskuldaða athygli. Fjöldi fyrirtækja og stofnana hafa sýnt þessu framtaki áhuga og nú hafa fyrstu fyrirtækin hlotið vottunina. Á næstu árum mun Jafnlaunavottun VR sanna gildi sitt og auka enn frekar á hróður félagsins. Þessi vottun er brautryðjendastarf á heimsvísu og vottunaraðilar og stéttarfélög á Norðurlöndunum og á Englandi fylgjast náið með framgangi verkefnisins. Enn sem fyrr er VR í forystu jafnréttisbaráttunnar.

## VR ÁFRAM Í FREMSTU RÖÐ

Nú þurfum við að tryggja áframhaldandi stöðugleika á vettvangi VR. Með því móti mun félagið styrkja stöðu sína enn frekar og verða langöflugasta hreyfiafl launafólks í landinu. Síðustu tvö ár hafa verið félaginu hagnafelld og ég óska eftir umboði þínu og stuðningi frá þér til þess að vinna áfram að uppbyggingu félagsins og því að leiða áfram baráttuna fyrir félagsmenn VR vítt og breitt um landið. Sameinuð og í stöðugu félagi getum við sem best látið gott af okkur leiða.

# ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

## 20. GR. KOSNING FORMANNS, STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS

### 20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

### 20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa

til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### 20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins.

Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum.

Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmanna með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

### 20.4 UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

#### Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

#### Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.



## ÁSTA RUT JÓNASDÓTTIR

**Fæðingardagur og ár**  
27. febrúar 1974

**Félagssvæði**  
Reykjavík og nágrenni

**Netfang**  
ajonasdottir@actavis.com

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Actavis, teymisstjóri, stjórn málafræðingur.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef ávallt haft mikinn áhuga á félagsmálum og hef ég setið í stjórn VR sl. fjögur ár. Sumarið 2009 var ég valin í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Að auki hef ég verið í stjórn Félags framsóknarkvenna í Reykjavík og verið varapingmaður Framsóknarflokksins. Um þessar mundir sit ég í stjórn Isavia. Jafnframt hef ég tekið þátt í margvíslegu félagsstarfi á vinnustað og í foreldrastarfi.

### HELSTU ÁHERSLUR

Helstu áherslur vegna framboðs til stjórnar VR eru samvinna og samstarf innan félagsins sem utan þess. Nauðsynlegt er að góð sátt og samvinna náist innan félagsins um áherslur í kjara-, réttinda- og atvinnumálum. Ég legg áherslu á að VR veiti félagsmönnum áfram góða þjónustu og mæti ólíkum þörfum þeirra en ég tel að skipulagsbreytingar sem gerðar voru á skrifstofu félagsins muni skila betri þjónustu og upplýsingum til félagsmanna.

Halda þarf áfram vinnu við að útrýma kynbundnum launamun og tel ég nauðsynlegt að félagið haldi áfram að styðja við og tryggja jafnrétti kynjanna. Ég tel að Jafnlaunavottun VR muni hjálpa til við að vinna á kynbundnum launamun og að með tímanum verði þetta verkefni jafn þekkt og Fyrirtæki ársins sem VR stendur fyrir árlega. Auk þess tel ég mikilvægt að haldið sé vel utanum starfsmenntamál, en einfalda þarf þennan málaflokk.

Að mínu mati mun barátta næstu missera snúast um að verja margvísleg áunnin réttindi, halda þarf áfram á þeirri vegferð að útrýma launamun og tryggja jafnrétti kynjanna.



## BENEDIKT VILHJÁLMSSON

**Fæðingardagur og ár**  
13. september 1948

**Félagssvæði**  
Reykjavík og nágrenni

**Netfang**  
benvil@simnet.is

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Fálkinn, viðskiptastjóri.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR frá 1970 og sótt flesta fundi á vegum VR síðan. Trúnaðarmaður frá 1983; í trúnaðarráði frá 1984; stjórn VR frá 1989; stjórn Sjúkrasjóðs 1993 – 2001; varamaður í stjórn orlofssjóðs 1990 og formaður orlofssjóðs frá 2002. Í stjórn LÍV frá 1997-2011 og í stjórn Lífeyrissjóðs verzl. manna frá 2004, áður varamaður í nokkur ár. Var í stjórn handkn.deildar Breiðabliks og er nú í sóknarnefnd Kársnessóknar frá 2008.

### HELSTU ÁHERSLUR

**Orlofsmál.** Ég legg mikla áherslu á áframhaldandi uppbyggingu orlofsmála, sérstaklega á okkar aðalsvæði í Miðhúsaskógi, Á síðasta kjörtímabili tókum við í notkun glæsilegt tjald- og hjólhúsasvæði. Sett voru upp ný og fjölbreytt leiktæki á svæðinu sem nýtast bæði fyrir gesti í orlfshúsunum og á tjaldsvæði. Nú á næsta kjörtímabili er í undirbúningi uppbygging á minni húsum á svæðinu hugsuð fyrir pör og litlar fjölskyldur.

**Lífeyrismál.** Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á lífeyrismálum, ég mun sækjast eftir að vinna áfram á þeim vettvangi fyrir VR. Það hefur gengið mjög vel með ávöxtun sjóðsins síðustu ár þó erfitt sé að ávaxta eignir sjóðsins í gjaldeyrishöftum og á þröngum markaði innanlands.

**Kjaramál.** Ég bind miklar vonir við þá herferð sem nú er í gangi um Jafnlaunavottun VR. Tel að hún eigi eftir að skila kjarabótum, ekki bara fyrir konur heldur fyrir allt launafólk. Kjaramál eru langhlaup sem stöðugt þarf að vinna að og finna nýjar leiðir til að bæta kjör.

Með því að bjóða mig fram vil ég stuðla að blönduðum hópi í stjórn hvað varðar starfsgreinar, aldur og reynslu. Ég er reiðubúinn að starfa áfram að málefnum VR með góðu og hugmyndaríku fólki.



## BIRGIR MÁR GUÐMUNDSSON

### Fæðingardagur og ár

4. janúar 1966

### Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang

Birgir66@gmail.com

### Facebook

Birgir Már í stjórn VR 2013



## GUÐRÚN BJÖRK HALLBJÖRNSDÓTTIR

### Fæðingardagur og ár

13. desember 1957

### Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang

gudrunbh@simnet.is

gudrun@vordur.is

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Fulltrúi í þróunar- og tæknideild SORPU bs. lönrekstrar- og viðskiptafræðingur

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Er viðskiptafræðingur, útskrifaðist frá Viðskiptaháskólanum á Bifröst árið 2003. Ég starfa hjá SORPU, er fulltrúi í þróunar- og tæknideild og sinni tækni- og öryggismálum. Ég hef verið stjórnarmaður í VR frá 2009 og gegni ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Ég er fulltrúi VR í stjórn Félags Viðskiptafræðinga og hagfræðinga, sit í laganefnd VR og hef verið varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Ég hef nokkra reynslu af félagsstörfum, var í stjórn nemendafélags Tækniskóla Íslands 1995-1997, á þeim tíma átti ég sæti í stjórn Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN) og var gjaldkeri í stjórn Byggingafélags námsmanna (BN). Ég er sjálfstæðismaður og tók eitt sinn virkan þátt í félagsstarfi innan flokksins, þar átti ég sæti í stjórn Málfundafélagsins Óðins, sem er félag launþega í Sjálfstæðisflokknum ásamt því að eiga sæti í stjórn Verkalyðsráðs Sjálfstæðisflokksins. Síðast en ekki síst gegndi ég stöðu formanns foreldrafélags leikskólans Laufásborg 2007.

### HELSTU ÁHERSLUR

Hljóti ég endurkjör til stjórnar VR ætla ég að setja fókus á brýnustu málin sem við stöndum frammi fyrir nú. Ég tel undirbúninginn fyrir gerð nýrra kjarasamninga vera mikilvægasta málið, en undirbúningur og vinnan við kröfugerðina mun hefjast fljótlega eftir kosningar. Þá tel ég nauðsynlegt að taka slaginn um verðtrygginguna, því reynslan sýnir að kaupmáttur launa verður ekki tryggður án þess að taka þann slag og finna ásættanlega lausn. Krafa okkar launamanna hlýtur að verða sú að fórnarkostnaði verðbólgu verði deilt sanngjarnar en nú er gert.

Önnur og ekki síður brýn mál eru að sigrast á langtíma atvinnuleysi félagsmanna VR. Leiðin til þess gæti verið fólgin í átaki í starfsmennta- málum, sem ég vill að VR taki forystu um. Þriðja brýnasta málið er að auðvelda ungu fjölskyldufólki í okkar röðum að eignast öruggt heimili, hvort heldur sem um er að ræða tryggari langtímaleigu eða með kaupum á eigin húsnæði. Þar gætu VR og Lífeyrissjóður verzlunarmanna mögulega komið að málum. Ég trúir því að ef það er möguleiki, þá kemur VR með lausnina.

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Vörður tryggingar, viðskiptaumsjón. Tryggingaskóli SÍT, Skrifstofubraut MK, Húsmæðraskóli Suðurlands Laugarvatni 1974-1975.

Starfaði hjá Landsbanka Íslands 1984-1987, SPRON frá 1987-1989. Var heimavinnandi frá 1989-1998 og sinni börnum okkar hjóna sem fæddust 1989 og 1992, sem var forgangsröðun og val okkar á fyrstu árum barnanna. Bjó í Danmörku 1994 til áramóta 1996-97 er eiginmaðurinn bætti við sig námi.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið í VR með hléum frá 1979 og virkur félagi samfelldt frá 1998. Ég hef verið í trúnaðarráði VR frá 2012 og sat þing ASÍ í október 2012.

### HELSTU ÁHERSLUR

Undanfarin ár hef ég séð hvað félaginu hefur vaxið ásmegin og vil ég leggja mitt af mörkum að gera VR sterkara félag til langs tíma. VR hefur vakið athygli á jafnlaunastefnu og fyrir bættum kjörum félagsmann sinna. Kjaramál eru mér hugleikin og einnig húsnæðismál, og menntamál félagsmanna okkar og sérstaklega unga fólksins. Ég vil stuðla að því að hvetja félagsmenn til að nýta sér í auknum mæli endurmenntunarsjóðinn sér til framdráttar. Endurmenntun gefur góða möguleika til þess að próa sig, og þar með leggur starfsmaðurinn sitt af mörkum til að vaxa í starfi. Sjálf fór ég þá leið eftir af hafa helgað mig börnunum í átta ár, að afla mér viðbótarmenntunar áður en ég fór aftur á vinnumarkaðinn. Seinustu ár hefur sjúkrasjóður okkar verið sterkur og hafa félagsmenn okkar notið góðs af honum, sem sýnir styrk VR gagnvart félagsmönnum sínum.

Ef ég verð kosin í stjórn VR mun ég leggja mitt af mörkum að vinna fyrir félagsmenn af heiðarleika.





## HELGA INGÓLFSSDÓTTIR

**Fæðingardagur og ár**  
13. desember 1961

**Félagssvæði**  
Reykjavík og nágrenni

**Netfang**  
helga@upb.is  
helgai@hafnarfjordur.is

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

UPB ehf. Verslunarskóli Íslands og Endurmenntun Háskóla Íslands.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef fjölbreytta reynslu af félagsstörfum og er núna kjörinn bæjarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Hafnarfirði. Ég gegndi áður formennsku í fulltrúaráði flokksins í Hafnarfirði og var á sama tíma varaformaður kjördæmisráðs Suðvesturkjördæmis á sama tíma. Ég var varaformaður Listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur frá 2000-2001 og rekstrastjóri Veitingasölu Skautafélaganna í Skautahöll Reykjavíkur 1999-2000 í sjálfbóðaliða vinnu. Ég átti sæti í jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar 1994-1996 og sat í Barnaverndarnefnd 1991-1994.

Mitt fyrsta starf var í kjörbúð, Laugabúð í Hafnarfirði sem var kaupmaðurinn á horninu. Eftir verslunarpróf starfaði ég við bankastörf í hlutastarfi í 18 ár meðfram barnauppleddi og einnig sá ég um bókhald í sameiginlegu fyrirtæki sem ég rak með fyrrverandi eiginmanni mínum. Í 10 ár vann ég síðan í fullu starfi við rekstur eigin fyrirtækis og sá um fjármál og starfsmannamál. Síðastliðin 5 ár hef ég starfað við sölu og markaðsmál á byggingamarkaði.

### HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef ávallt haft mikinn áhuga á jafnréttismálum. Margt gott hefur áunnist í þeim málaflokki en samt sem áður er óskilgreindur launamunur milli kynjanna enn til staðar. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt verkefni að vinna að því að jafna launamun og fagna þeim aðgerðum sem félagið hefur farið í vegna þessa. Stærsta misrétti milli kynjanna í dag felst að mínu mati í því að karl og kona fái ekki sömu laun fyrir sömu vinnu. Og þetta misrétti sem er til staðar þrátt fyrir lagasetningu og góð fyrirheit er hægt að leiðrétta en það krefst vinnu og aðgerða og ég tel að verkefni VR, Jafnlaunavottun, muni hafa þar mikil áhrif og ég fagna því frumkvæði sem félagið hefur tekið í þessu máli á vinnumarkaði.

Í öðru lagi hef ég mikinn áhuga á því að þeir sem taka að sér að vera í forsvari fyrir hagsmunahóp, til dæmis stéttarfélag vinni af einhug fyrir umbjóðendur sínar og séu í réttum „stígvélum“. Stærsta verkefnið framundan er að vinna að því að bæta kjör félagsmanna eftir þá erfiðleika í efnahagslífinu sem leitt hafa af sér mikla kaupmáttarskerðingu fyrir félagsmenn. Meðallaun eru ekki viðunandi og lágmarkslaun algjörlega óviðunandi. Það eru stór verkefni framundan og ég býð mig fram til stjórnarsetu í VR til að vinna að hagsmunum félagsmanna allra með jafnréttishugsjón að leiðarljósi.



## JÓHANN MÁR SIGURBJÖRNSSON

**Fæðingardagur og ár**  
23. desember 1974

**Félagssvæði**  
Reykjavík og nágrenni

**Netfang**  
johann787@hotmail.com  
johann@bondi.is

**Facebook**  
johannmarofficial

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Bændasamtök Íslands, Kerfisstjóri. Verkefnastjóri í veflausnum hjá Fiskistofu (1999-2006), Framkvæmdarstjóri og eigandi NF (1999 – 2002), Kerfisstjóri hjá Varnarliðinu (1997-1999), þjálfari yngri flokka í blaki HK (1991-1997). MBA HÍ (2011-2013), BSc viðskiptafræði HR með vinnu (2007-2011), Tölvufræði /Tæknibraut IR (1993-1997), FIVB Coaching Level 1 (1993).

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Trúnaðarráð VR (2010-2013), NF ehf. stjórnarformaður og eigandi (1999-2002), miðstjórn Iðnnemasamband Íslands (1993-1995), miðstjórn nemendafélags IR (1993-1997), formaður blakleiddar HK (1994-1997), Vinnulyftur ehf. stjórnarformaður (1996-1999), formaður Keiluleiddar HK (1994-1997).

### HELSTU ÁHERSLUR

Húsnæðismál eru mér efst í huga þegar kemur að áherslum mínum vegna framboðs í stjórn VR. Sjálfur þekki ég til margra fjölskyldna sem hafa engan fastan stað til að búa á. Ástæðan er annarsvegar sú að þau hafa misst húsnæði sitt, vegna stökkbreyttra lána, og hinsvegar finna þau ekki leiguhúsnæði vegna lítills framboðs. Þá virðist ekki vera nokkur leið fær fyrir ungt fólk að fjármagna sitt eigið húsnæði, né heldur fjölskyldur sem eru að koma af leigumarkaði. Íbúðalánasjóður er eini aðilinn sem hefur gefið sig fram og lýst sig tilbúinn til þess að setja íbúðir inn á leigumarkaðinn, en því miður virðist það vera meira í orði en á borði. Verkalýðsfélögin í landinu þurfa að veita stjórnvöldum hverju sinni aðhald til þess að almenningur í landinu geti átt eða leigt þak yfir höfuðið á kjörum sem eru viðráðanleg miðað við kaupmátt launa.

Hagstofa Íslands og ASÍ birta til skiptis misvísandi upplýsingar um kaupmátt launa í landinu. Á sama tíma upplifir hinn almenni launamaður mun lægri kaupmátt og gögn sem fyrirtækið Meninga hefur aflað sér styður þessar upplifun launamansins.

Launafólk hefur haldið að sér höndum á meðan aðrir í samfélaginu hafa makið krókinn. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum raunverulega þjóðarsátt í komandi kjaraviðræðum. Það þyrftu margir aðilar atvinnulífsins að koma þar að og skuldbinda sig til að gera það sem gera þarf, svo sátt megi ríkja á vinnumarkaði. Helstu aðilar væru launafólk, atvinnurekendur, ríki, sveitarfélög, innflytjendur vara og verslanir. Hættum að tala um hlutina og framkvæmum þá.



## JÓN MAGNÚSSON

**Fæðingardagur og ár**  
20. janúar 1952

**Félagssvæði**  
Reykjavík og nágrenni

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Þjónustufulltrúi hjá Heklu.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef starfað sem trúnaðarmaður hjá Heklu síðan 1981.

Kom fyrst að stjórnunarstörfum hjá VR sem varamaður í stjórn 2002. Hef setið í stjórn sjúkrasjóðs VR síðan 2006 og var kosinn í stjórn VR árið 2008 og sat þar til ársins 2012, varamaður í stjórn 2012-2013. Hef sótt þing ASÍ og LV og á sæti í trúnaðarráði VR.

Sat í stjórnnum knattspyrnu- og handknattleiksdeildar UMF Fjölnis í Grafarvogi og var um tíma í aðalstjórn félagsins.

### HELSTU ÁHERSLUR

Jafnrétti, kjara- og orlofsmál eru mér efst í huga þegar kemur að mál-efnunum. Má þá m.a. nefna kjaraskerðinguna sem hinn almenni launamaður hefur orðið fyrir undanfarin ár sem mikilvægt er að ná til baka og áframhaldandi vinnu í hækkun launataxta og raunlauna. Launamun kynjanna þarf að útrýma ásamt því að skoða lausnir fyrir atvinnulausa félagsmenn.

Umræður um verðtryggingu hafa tröllriðið samfélaginu undanfarið, þetta er að sjálfsögðu eitthvað sem þarft er að skoða og reyna að finna raunhæfar lausnir.

Nýsköpun hefur komið á borð stjórnar VR og þar held ég að við gætum verið að búa okkur vel undir framtíðina og jafnvel komist skrefi á undan þeim sem eru í kringum okkur. Hagfræðingar um allan heim er sammála því að nýsköpun sé mikilvægasti þátturinn til að skapa velferð í framtíðinni.

Nýlega komu upp hugmyndir um Húsnæðisfélag VR, þar sem félagsmönnum yrði gert auðveldara að koma þaki yfir höfuðið. Hér er glæsileg hugmynd að verða að veruleika og mikilvægt að standa vörð um að hún þróist á næstu misserum. Einnig vil ég stuðla að frekari uppbyggingu orlofssvæðisins í Miðhúsum og búa þar enn betur að okkar framtíðarfélagsmönnum.

Það verður ekki hjá því komist að minnast á lífeyrissjóðinn hér, hann þarf að standa vörð um og tryggja áframhaldandi gegnsæi í öllu starfi sjóðsins.



## KRISTJANA Þ. JÓNSDÓTTIR

**Fæðingardagur og ár**  
19. maí 1974

**Félagssvæði**  
Reykjavík og nágrenni

**Netfang**  
Kristjana74@gmail.com

**Facebook**  
VR-framboð

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Egilsson ehf, söluráðgjafi. Ég hef komið víða við á atvinnumarkaðinum. Síðastliðin rúm 7 ár hef ég starfað sem söluráðgjafi hjá A4 sem í dag heitir Egilsson ehf. Þar á undan var ég sölu- og markaðsráðgjafi hjá Rolf Johansen. Í gegnum tíðina hef ég unnið í fiski, afgreitt í sjoppu, klippti hár í nokkur ár, verið rekstrarstjóri á skemmtistað svo að eitthvað sé upp talið. Ég er með sveinpróf frá lðnskólanum í Reykjavík. Ég hef í gegnum tíðina farið á ýmis námskeið sem tengjast sölu og sölumennsku. Einnig hef ég farið á tölvunámskeið. Ég er við nám í Menntaskólanum í Kópavogi á skrifstofubraut.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið trúnaðarmaður hjá VR síðan haustið 2006. Ég var í trúnaðarráði VR 2007-2009 og aftur 2010-2011. Síðan í maí 2011 hef ég setið í stjórn VR. Ég var mjög virk í starfi trúnaðarráðs. Sat ég ársfund ASÍ á vegum VR bæði 2010 og 2012. Ég er líka formaður foreldrafélagsins í leikskóla dóttur minnar, ég hef verið í stjórn foreldrafélagsins í 6 ár.

### HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef setið í stjórn VR eitt kjörtímabil eða 2 ár. Þessi ár eru búin að vera lærdómsrík og skemmtileg og langar mig að fá að starfa áfram í stjórn og láta gott af mér leiða. Mér finnst skipta mestu máli að vinna fyrir félagið og félagsmanninn og hef ég reynt að taka ákvarðanir með það í huga. Að vinna sem best fyrir alla félagsmenn VR. Það finnst mér skipta miklu máli. Það hvílir þungt á okkur öllum verðbólgan sem er að hrjá okkur og vil ég finna leiðir til að halda henni í skefjum. Við þurfum öll að vinna saman að því, verkalýðsforystan, ríkisstjórnin og atvinnurekendur. Við þurfum saman að koma á þjóðarsátt svo að við förum að sjá bætt kjör og betra líf fyrir almenning í landinu.

Jafnlaunavottun VR er nýtt vopn í baráttunni við launamun kynjanna. Það hefur verið gaman að fá að vera með í að koma henni í lagginnar og ég vona að ég fái áfram að vinna að því að sem flest fyrirtæki fái vottun og verði betri vinnustaðir fyrir vikið. Ég reyni eins og ég get að fræða fólk í kringum mig um rétt sinn og það sem VR býður upp á. Mér finnst allt of algengt að fólk láti sig lítið varða um stéttarfélagið sitt og er því miður oft að fara á mis við allt það sem í boði er. Ég vil vinna að því að fá fleiri til að vera með og vita meira um VR. Fá unga fólk með okkur og virkja það í starfi. Það er okkur öllum til góðs.



## ÓSKAR KRISTJÁNSSON

### Fæðingardagur og ár

14. ágúst 1959

### Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang

oskark@vis.is

heidabj@internet.is

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Vátryggingafélag Íslands, viðskiptastjóri fyrirtækjadeild. Lærði bifreiðasmíði og vann við það í 5 ár, sölumaður nýrra bifreiða hjá Brimborg í 15 ár. Tryggingaráðgjöf og þjónusta hjá Vátryggingafélagi Íslands. Mörg námskeið tengd starfi mínu hjá VÍS og VR.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

4 ár í stjórn VR, 3 ár í miðstjórn ASÍ, trúnaðarráð VR í 2 ár, trúnaðarmaður hjá VÍS 4 ár og nú sem öryggistrúnaðarmaður VÍS 4 ár. Stjórn sjúkrasjóðs VR 2 ár, Stjórn orlofsjóðs VR í 2 ár, varamaður og stjórnarmaður í LIV 2 ár og stjórn meistaraflokks Knattspyrnudeildar Fjölnis 2 ár.

### HELSTU ÁHERSLUR

Mínar áherslur fyrir næsta kjörtímabil eru á kjarasamninga sem eru fram undan á þessu ári, það er svo sannarlega þörf á að bæta þar í þar sem lágmarkslaun eru allt of lág. Efla þarf sjúkrasjóð VR þar sem fyrir séð er að hann mun verða mikið notaður eins og sést hefur á síðasta ári, þar sem útgreiðsla úr honum var rúmlega þúsund milljónir. Efla þarf starfsmenntasjóðinn og varasjóðinn. Einnig tel ég þörf á að aðstaða fyrir félagsmenn á orlofssvæðum félagsins verði eflað. Með því að auka framboð á húsnæði sem hægt er að leigja til handa félagsmönnum, einnig með aukinni afþreyingu. Stuðla að því að efla atvinnutækifæri í landinu og huga að hag félagsmanna í hvívetna. Það þarf að þrýsta á stjórnvöld að auka framboð á atvinnu og atvinnusköpun. Einnig er mikil þörf á að gjaldeyrishöft verði afnumin svo að hjól atvinnulífsins geti farið að snúast með eðlilegum hætti. Lækka þarf skatta og gjöld og einnig hækka skattviðmið á lægstu laun.



## PÁLL ÖRN LÍNDAL

### Fæðingardagur og ár

22. maí 1967

### Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang

pall.lindal@gmail.com

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Viðskiptastjóri hjá N1. Endurmenntun Háskóla Íslands, 2011-2012, Verkefnastjórnun og leiðtogahæfni. Útskrifaðist með Alþjóðlega D vottun í verkefna-stjórnun. Háskólinn í Reykjavík, CIM (markaðsfræðinám), 2001-2002. Endurmenntun Háskóla Íslands, Markaðs- og útlutningsfræði, 1995-1996. Iðnskólinn í Reykjavík, brautskráður bifvélavirki, 1984-1988. Hef ég sótt fjölda stjórnunar-, sölu- og markaðsnámskeiða.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Sat í stjórn Samtaka auglýsenda (SAU) 2004 til 2005. Formaður frá 2005 til 2007. Sat í stjórn starfsmannafélags Olíufélagsins 2004 til 2007. Formaður starfsmannafélags N1 frá 2007 til dagsins í dag. Starfsmannafélag N1 er með stærri starfsmannafélögum landsins. Er í stjórn LIV frá 2011. Er í Lífeyrisnefnd ASÍ, varamaður í Jafnréttisnefnd og varamaður í miðstjórn ASÍ. Sat í trúnaðarráði VR 2010 til 2011.

### HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnar VR. Ég tel mig geta þjónað ykkur vel með reynslu minni af félagsmálum og trúnaðarstörfum. Við verðum að koma fram sem sterkt og umfram allt sameinað afl um baráttumál VR. Þannig tökumst við á um hugmyndir en stöndum saman um ákvarðanir. Við verðum að standa vaktina sem aldrei fyrr, verja kjör okkar og réttindi af festu og áræðni. Kaupmáttur hefur rýrnað, félagsmenn hafa tekið á sig launaskerðingar og óvissa í atvinnumálum er ennþá of mikil. Fram undan eru tímar sem við þurfum að vinna með samstilltu átaki að okkar hagsmunamálum og styðja um leið við skynsamlega verðmætasköpun og fjölgun starfa í samfélaginu.

Við þurfum að tryggja að félagsmenn VR, jafnt sem aðrir landsmenn, geti gengið að góðum framtíðarstörfum til sjá sér og sínum farborða í krafti vinnusemi og hyggjuvits. Rödd VR gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Okkur ber skylda til að brýna þessa rödd til að veita aðhald, stuðla að endurreisn og fjölga atvinnutækifærum. Velgengni er ekki tilviljun heldur árangur af markvissu starfi. Það er staðfastur ásetningur minn að skapa VR ný tækifæri til að eflast í góðu samstarfi við ykkur. Til þess að svo megi verða nægir ekki að sinna verkefnum líðandi stundar. Við verðum líka að leitast við að sjá tækifæri í breytingum í samfélaginu, aðlagast þeim fljótt og vel. Mikilvægasti hluti þessarar framþróunar snýst um mannlega þáttinn. Að láta ekki viðhorf og vinnubrögð, sem svara ekki kröfum tímans, festa okkur í fortíðinni, heldur þróast með framtíðarhagsmunum VR að leiðarljósi. Ég býð fram krafta mína og vil taka þátt í að gera VR öflugt félag í ykkar þágu. Þitt atkvæði skiptir mig máli.



## RAGNAR ÞÓR INGÓLFSSON

### Fæðingardagur og ár

17. maí 1973

### Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang

ragnar@orninn.is

### Facebook

ragnar2011



## RANNVEIG SIGURÐARDÓTTIR

### Fæðingardagur og ár

28. júní 1953

### Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

### Netfang

rannveig@lag.is

### Facebook

Rannveig Sigurðardóttir

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Örninn, sölustjóri. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef setið í stjórn VR frá árinu 2009. Kom að stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna. Er formaður Landsamtaka heimilanna og á sæti í stjórn Orlofssjóðs og jafnréttisnefnd VR. Hef einnig setið í stjórn sjúkrasjóðs og endurskoðunarnefnd VR. Tók þátt í starfi siðanefndar VR sem sett var á í kjölfar bankahrunsins. Einnig held ég úti vinsælli bloggsíðu þar sem áhersla er lögð á baráttuna gegn spillingu í lífeyrissjóðakerfinu og kjaramál.

### HELSTU ÁHERSLUR

Helstu áherslur mínar eru þær sömu og ég hef barist fyrir í stjórn VR síðastliðin 4 ár og mun beita mér í þeim málum af sömu festu og ég hef gert hingað til. Ég mun halda áfram að berjast gegn spillingunni í lífeyrissjóðakerfinu sem hefur verið mitt helsta baráttumál.

Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga og að tekin verði upp ný viðmið við útreikninga á kaupmætti sem gefur rétta mynd af stöðu launafólks.

Aukið gegnsæi í fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Að opinber rannsókn fari fram á þætti lífeyrissjóðanna í aðdraganda og við hrun fjármálamarkaða. Að áhersla verði lögð á fækkun lífeyrissjóða og hagræðingar í kerfinu. Einnig að réttindi verði jöfnuð og lýðræði aukið við kjör í stjórnir sjóðanna. Ég mun beita mér fyrir áframhaldandi stuðningi félagsins við kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna.

Ég mun beita mér fyrir því að skýr neysluviðmið verði reiknuð sem verði svo grunnurinn að lágmarkskröfum okkar. Ég mun beita mér, með sama áberandi hætti, gegn grímulausu óréttlætinu sem launafólk hefur mátt þola og gera VR að sterki rödd í ærandi þögn verkalýðshreyfingarinnar.

### VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

LAG lögmann sf, skrifstofumaður. Gagnfræðingur, fjöldi námskeiða og nám í skóla lífsins.

### REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég sat í stjórn VR árin 1997-2009, var formaður framkvæmdastjórnar fræðslusjóðs, í stjórn sjúkrasjóðs og í laga- og stefnumótunarnefnd. Ég hef setið í trúnaðarráði og var í framboði til formanns VR árið 2011. Ég sat í stjórn Vinnueftirlits ríkisins, miðstjórn ASÍ og kom að endurskoðun slysatrygginga launamanna í kjarasamningum 2008 og 2011 (var talsmaður ASÍ við samningaborðið vegna þess kafla.) Ég hef að auki verið þingforseti á þingum ASÍ. Ég var í JC-hreyfingunni í 10 ár, var m.a. landsritari hreyfingarinnar og vann nú að gagnaöflun og ritun 50 ára sögu hreyfingarinnar á Íslandi. Ég hef unnið ýmis störf um dagana. M.a. vann ég á tjónasviði tryggingafélags í 19 ár, hjá endurskoðendum og við bókhald. Ég hef einnig unnið í fiski, verið setjari, lambaljósmóðir og þerna til sjós.

### HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til starfa í stjórn VR af áhuga og þekkingu. Það vantar fulltrúa kvenna á mínum aldri í stjórnina, konu sem er samnefari þeirra félaga sem ekki eru langskólagengnir heldur hafa viðtæka menntun úr skóla lífsins. Nái ég kjöri eru áherslur mínar þessar:

Allir félagsmenn VR eiga að hafa sama rétt til þjónustu hjá félaginu.

Ég vil gæta vel að ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnu- og kynna fyrir því réttindi þess og skyldur. Kynbundinn launamunur er freklegt mannréttindabrot sem berjast verður gegn með öllum ráðum. Ég vil að VR stuðli að fjölskylduvænnu vinnuumhverfi. Ég vil hlúa sérstaklega að afgangsluðfólki í stórmörkuðunum og kjörum þeirra. Skapa umræðu í þjóðfélaginu um styttri vinnutíma afgangsluðfólks og huga að helgarlokunum. Saga verkalýðsbaráttu á Íslandi þarf að vera öllum kunn því réttindi dagsins í dag féllu ekki af hinum ofan. Ég vil taka upp gömul og góð verkalýðsgildi í bland við nýja strauka. Ég vil að VR stuðli að sveigjanlegum starfslokum þeirra sem eru að fara á eftirlaun.

Ég vil setja á stofn vinnuhópa um málefni er varða félagsmenn – móta stefnu VR og virkja trúnaðarráð til meiri þátttöku í starfinu. Vinna þarf að frekari mótun á veikinda- og slysafla kjarasamninganna, þar liggur mín þekking. Öryggismál launamanna þarf að endurskoða.

Ég krefst hærri launa fyrir afgangsluðfólk í verslunum. Hærri skattleysismörk og húsnæðismál eru einnig ofarlegar á baráttulistanum.

# LISTI UPPSTILLINGA-NEFNDAR 2013

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð félagsins. Í lögunum segir:

„Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum. Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðar-mannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.“

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2013 - 2015 rann út á hádegi þann 22. febrúar. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR, þ.e. listi Uppstillinganefndar félagsins. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR fyrir kjörtímabilið 2013 - 2015. Listinn er birtur í heild hér.

## NAFN

Anna Þórðardóttir Bachmann  
Benedikt Ragnarsson  
Birgitta Bjarnadóttir  
Björgvin Ingason  
Brynjar Kristjánsson  
Einar M. Nikulásson  
Elísabet Magnúsdóttir  
Eyrún Ingadóttir  
Gísli Kristján Gunnsteinsson  
Guðmundur J. Jónsson  
Guðrún Jóhannsdóttir  
Guðrún Jóna Valgeirsdóttir  
Gunnar Böðvarsson  
Hansína Gísladóttir  
Hjördís Jónsdóttir  
Ingibjörg Ólafsdóttir  
Ingimar Þorsteinsson  
Jón Hrafn Guðjónsson  
Jón Ingi Kristjánsson  
Júlíana Pálsdóttir  
Kalla Björg Karlsdóttir  
Kári S. Friðriksson  
Ólafur H. Harðarson  
Ólafur Hrafn Traustason  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Petrína Ragna Pétursdóttir  
Ragnar Orri Benediktsson  
Sesselja Jónsdóttir  
Sigurbjörg Þorlákssdóttir  
Stefán Óli Sæbjörnsson  
Stefán Viðar Egilsson  
Steinar Viktorsson  
Steinþór Ásgeirsson  
Sveinbjörn Fjölfnir Pétursson  
Sveinbjörn Hannesson  
Valur Valtýsson  
Valva Árnadóttir  
Þorlákur Jóhannsson  
Þorsteinn Þorólfsson  
Þóra Guðbjörg Hallsdóttir  
Þröstur Ríkhartsson

## VINNUSTAÐUR

Parlogis ehf.  
Olíuverzlun Íslands hf.  
Egilsson ehf.  
Kaupfélag Skagfirðinga  
  
VR  
  
Lögfræðingafélag Ísl.  
Rúmfatalagerinn ehf.  
Borgun hf.  
Vátryggingafélag Íslands hf.  
Icepharma  
  
VR  
Unicef Ísland  
Vátryggingafélag Íslands hf.  
Marel  
Flugger ehf.  
BL ehf.  
Sameignarfélag Ölfusborga  
Ferðaskrifstofan Esja/Esja Travel  
VR  
VR  
Þ. Þógrímsson & co ehf.  
Ernst & Young ehf.  
Okkar bakarí  
Auglýsingadeild Rúv  
Forlagið ehf.  
Klif ehf.  
Slippfélagið ehf.  
Tengi ehf.  
Alcoa Fjarðaál sf  
Kortapjónustan  
Ormsson ehf  
Vátryggingafélag Íslands hf.  
Barki ehf.  
Penninn ehf.  
Guðmundur Arason ehf.  
Húsasmiðjan ehf.  
Innnes ehf.  
Ásbjörn Ólafsson ehf.

# DANMÖRK

VR hefur tekið á leigu eitt orlofshús í Hald Strand á Norður-Sjálandi í sumar.

VR hefur tekið á leigu eitt orlofshús í Danmörku í sumar. Hægt verður að leigja húsið eina viku í senn, frá föstudegi til föstudags og er vikuverðið 45.000 kr. Húsið verður hægt að leigja frá 10. maí til 30. ágúst. Húsið er rétt við bæinn Hundested, sem er á norðanverðu Sjálandi og í um klukkustundaakstri frá Kaupmannahöfn. Það stendur á mjög fallegum stað í skógivöxnu umhverfi, þar sem fleiri orlofshús eru. Í húsinu eru tvö svefnherbergi og gert ráð fyrir að fjórir geti gisti + barn undir

2ja ára. Húsið er látlaust með furuhúsgögn í stofunni, lítill ísskápur með frystihólf, eldhúskrók, kolagrill og útihúsgögn. Sjónvarp og borðtennisborð er í sameiginlegu húsi við hliðina á VR húsinu. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Sumarhúsasvæðið liggur á milli Liseleje og Kikhavn. Á svæðinu er gott útivistarsvæði með leikaðstöðu fyrir börn. Á svæðinu er hægt að fá

lánuð reiðhjól og hægt að fá afnot af kanó sem geymdur er í fjörunni fyrir neðan húsið. Einnig er hægt að veiða í nágrenninu. Þetta er góður kostur fyrir þá sem langar til Danmerkur í frí. Húsið er látlaust og á góðum stað með miklum möguleikum.

22



## VERÐ

### Sumar

10/5-30/8

**Vikuleiga** 45.000

Leigt frá föstudegi til föstudags

Opnað verður fyrir bókanir miðvikudaginn 20. mars klukkan 8.30.

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	46
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	4
Sængur og koddar	4

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.

# VESTMANNAEYJAR

VR hefur keypt orlofshús við Ofanleiti í Vestmannaeyjum. Húsið var endurnýjað í vetur.

VR hefur til umráða eitt hús í Vestmannaeyjum. Húsið er með tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts. Í báðum svefnherbergjunum eru hjónarúm. Á svefnlofti eru fjórar dýnur og útdraganlegur svefnsófi. Í boði er þríf og leiga á sængurlíni gegn vægu gjaldi eftir nánara samkomulagi við umsjónarmenn. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið

eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Vestmannaeyjar hafa upp á margt að bjóða; einstaka náttúruvegurð, skemmtileg söfn, hægt er að skreppa á hestbak, fara í Sprönguna og í Herjólfssdal er góður golfvöllur og leiktæki fyrir börn. Góð sundlaug og íþróttamiðstöð eru á staðnum. Hægt er að fara í skoðunarferðir um eyjuna bæði með bátum og í rútu. Upplýsingamiðstöð er við Básaskersbryggju.



## VERÐ

### Vor - haust

1/1-31/5 og 30/8-31/12

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 16.500

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 2.900 **Helgi** 18.200

30/6-9/8

**Sólarhringur** 3.500 **Helgi** 20.900

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	66
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	8-10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.

# MIÐHÚSASKÓGUR

Í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð á félagið alls tuttugu hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið.

Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 19 á brottfarardegi, nema á föstudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 12.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum á sumrin og

í kringum helgarleigur yfir vetrartímann ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Miðhúsaskógur er í kjarri vöxnu umhverfi um 20 km frá Laugarvatni. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvöllir með rólum,

rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur er á svæðinu, körfuboltavellir (við enda tveggja botnlanga á svæðinu) og minigolf (hægt er að fá lánaðar kylfur hjá umsjónaraðilum). Búið er að setja upp ný tæki á svæðinu, stórt uppblásið trampólín er á staðnum, aparóla og frísbíggj. Sundlaugar eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir.

24



## VERÐ

### Vetur

1/1-31/5 og 30/8-31/12

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 16.500

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 2.900 **Helgi** 18.200

30/6-9/8

**Sólarhringur** 3.500 **Helgi** 20.900

Fjöldi húsa	20
Stærð í fm	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.



# FLÚÐIR

Orlofshúsin að Flúðum eru í Ásabyggð nr. 29, 30 og 30A. Húsin voru endurnýjuð í vetur.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, þó kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er

á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Flúðir eru þéttbýliskjarni í Hrunamannahreppi á Suðurlandi. Þar er í boði öll hugsanleg þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og

náttúrulegu gufubaði. Margir garðyrkjubændur hafa sest að á Flúðum og þar eru ræktaðir hinir þekktu Flúðasveppir. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás. Upplýsingar um nágrennið má fá hjá ferðaþjónustunni sem er til húsa í versluninni Strax á Flúðum. Þar er verslun, kaffitería og bensínjálfsali.



## VERÐ

### Vetur

1/1-31/5 og 30/8- 31/12

**Sólarhringur** 3.400 **Helgi** 16.900

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 3.600 **Helgi** 18.900

30/6-9/8

**Sólarhringur** 4.400 **Helgi** 21.200

Fjöldi húsa	3
Stærð í fm	54
Heitur pottur	já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.

# HÚSAFELL

VR á þrjú hús í Húsafelli í fögru umhverfi Borgarfjarðar.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið, um helgar og virka daga. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er

á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNID

Skammt frá húsi Ferðapjónustunnar er fótboltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt frá sundlauginni. Snjósleðaferðir upp á Langjökul

eru vinsælar meðal orlofshúsagesta í Húsafelli en Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á jökulinn. Það er ekki langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafossar eru sannkölluð augnayndi. Ferðapjónusta er í Húsafelli yfir sumartímann. Þar er að fá algengar mat- og heinlætisvörur, léttar veitingar, bensín og olíu.

26



## VERÐ

### Vetur

1/1-31/5 og 30/8-31/12

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 16.500

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 2.900 **Helgi** 18.200

30/6-9/8

**Sólarhringur** 3.500 **Helgi** 20.900

Fjöldi húsa	3
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.

# AKUREYRI

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G, K og S. Einnig er ein íbúð við Furulund 8B. Allar íbúðirnar eru á annarri hæð nema S-íbúðin sem er á jarðhæð.

Íbúðirnar eru leigðar út allt árið um helgar og á virkum dögum. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi orlofshúsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN


Allar upplýsingar um afhendingu og skil á

lyklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna: Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útivistarsvæði með

leiktækjum og útigrilli fyrir almenning. Þá er auðvitað hægt að skella sér í sund og á skíði þegar viðrar þannig. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er í Hafnarstræti 82.



## VERÐ

### Vetur – Furulundur 10

1/1-31/5 og 30/8-31/12

**Sólarhringur** 3.300 **Helgi** 13.000

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 3.300 **Helgi** 16.000

30/6-9/8

**Sólarhringur** 4.200 **Helgi** 16.000

### Vetur– Furulundur 8

1/1-31/5 og 30/8-31/12

**Sólarhringur** 2.500 **Helgi** 12.500

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 2.700 **Helgi** 14.900

30/6-9/8

**Sólarhringur** 3.100 **Helgi** 15.500

	F10	F8B
Fjöldi íbúða	5	1
Stærð í fm	54	54
Svefnherbergi	2	2
Svefnpláss	7	6

# EINARSSTAÐIR

Húsin á Einarstöðum eru endurnýjuð að hluta og eru nú öll með heitum potti.

VR á þrjú hús að Einarstöðum og fær mögulega fleiri hús til leigu í sumar. Húsin eru leigð til félagsmanna í viku eða skammtímaleigu á sumrin. Rekstrarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá pantað hjá því. Orlofshús eru afhent til leigu frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi orlofshús fyrir kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykklum ásamt upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is)

## NÁGRENNIÐ

Einarstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólur, sandkassi og rennilbrautir eru á þremur stöðum á svæðinu. Á Einarstöðum er mikil

náttúrufergurð og merktar gönguleiðir eru um svæðið. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum þar sem eru veitingahús, hestaleiga, golfvöllur og vatnasleðaleiga. Stutt er í Hallormsstaðaskóg og að Lagarfljóti. Eins eru Kárahnjúkar í næsta nágrenni.

28



## VERÐ

### Vor - haust

15/5-31/5 og 30/8-15/9

**Sólarhringur** 2.800 **Helgi** 16.500

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 2.900 **Helgi** 18.200

30/6-9/8

**Sólarhringur** 3.500 **Helgi** 20.900

	Nr. 3&18	Nr. 6
Fjöldi húsa	2	1
Stærð í fm	45	45
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	2	3
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	6	6
Sængur og koddar	8	8
Borðbúnaður	8	8

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.

# REYKJAVÍK

Orlofsíbúð VR í Reykjavík er við Sóltún 30, mjög miðsvæðis í borginni.


Íbúðin er á jarðhæð með sérinngangi, þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og baði og er útbúin fyrir sex manns. Gengið er beint út á rúmgóðan tréfall út af stofu. Í íbúðinni er þvottavél á baðherbergi, barnarúm, barnastóll, straubretti og straujárn. Íbúðin er ætluð sem orlofsíbúð fyrir félagsmenn VR á landsbyggðinni sem ætla að bregða sér til Reykjavíkur í fríi sínu og er útbúin í samræmi við það. Við hönnun íbúðarinnar var lögð áhersla á að allt yfirbragð einkenndist af hlýleika og notalegheitum,

félagsmönnum okkar til að njóta í borginni. Íbúðin er leigð út allt árið, um helgar og á virkum dögum. Íbúðin er afhent til leigu frá og með kl. 12 og ætlast er til að menn yfirgefi íbúðina fyrir kl. 11 á brottfarardegi. Á sunnudögum er þó fyrirkomulagið eftirfarandi: Íbúðin er afhent til leigu frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi íbúð fyrir kl. 16 á brottfarardegi

## LYKLAR OG UMSJÓN

Lykill af íbúðinni er í lykklaskáp við innganginn,

nánari upplýsingar koma fram á samningi. Umsjón með íbúðinni er í höndum umsjon.is. Vinsamlega hafið samband við viðkomandi komi eitthvað uppá á meðan á dvöl stendur. Hægt er að kaupa þríf hjá umsjónaraðila. Þanta þarf með sólarhringsfyrirvara og er kostnaður kr. 5.000. Einnig er hægt að leigja lín, en þá er haft beint samband við umsjónaraðila.



## VERÐ

### Vetur

1/1-31/5 og 30/8-31/12

**Sólarhringur** 3.300 **Helgi** 13.000

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 3.300 **Helgi** 16.000

30/6-9/8

**Sólarhringur** 4.200 **Helgi** 16.000

Fjöldi íbúða	1
Stærð í fm	90
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Verönd + húsgögn	Já
Gasgrill	Já
Þvottavél	Já

**VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.**

# ÖLFUSBORGIR

VR á eitt hús í Ölfusborgum með heitum potti. Í sumar verður húsið í vikuleigu en á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum.

Það er leigt allt árið, í viku á sumrin en um helgar og á virkum dögum á veturna. Heitur reitur er í byggðinni fyrir þá sem vilja nýta sér Internetið. Þá er barnarúm og barnastóll í húsinu.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Húsið er til leigu frá kl. 16 á komudegi og til kl. 12 á brottfarardegi. Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Allar upplýsingar um afhendingu og skil á lykllum ásamt

upplýsingum um umsjónarmenn koma fram við leigutöku. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR [www.vr.is](http://www.vr.is). Opnunartími þjónustuhúss er mánudaga til fimmtudaga kl. 12.30-16. Lokað er á miðvikudögum. Á föstudögum er opið milli kl. 15 og 20.30. Ef komið er utan þess tíma er bent á að hafa samband við umsjónarmann á staðnum.

## NÁGRENNIÐ

Frá Hveragerði er fljótferð til margra merkustu

ferðamannastaða Suðurlands, má þar nefna Gullfoss, Geysi, Skálholt og Þingvelli. Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, góðar gönguleiðir og sannkölluð paradís fyrir útvistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Í Hveragerði er sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir og gróðurhús. Stutt er í hestaleigu og veiði.

30



## VERÐ

### Sumar

31/5-30/6 og 9/8-30/8

**Sólarhringur** 3.600 **Helgi** 18.900

30/6-9/8

**Sólarhringur** 4.400 **Helgi** 21.200

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	45
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.

# HÓTELGISTING

Félagsmönnum VR utan höfuðborgarsvæðisins býðst nú gisting á Icelandair Hótel Reykjavík Natura.

Hér er einkum um að ræða úrræði fyrir þá sem þurfa að koma til Reykjavíkur og leita sér lækninga, fara í rannsóknir o.þ.h. Þetta er nýjung þar sem gestir fá fulla þjónustu og hefur hún mælst vel fyrir hjá þeim sem þegar hafa nýtt sér þessa þjónustu.

## LYKLAR OG UMSJÓN

Herbergi er pantað hjá VR. Lykill er afhentur í afgreiðslu Icelandair Hótel Reykjavík Natura gegn framvísun samnings frá VR. Skila þarf

herberginu kl. 12 á hádegi á brottfarardegi. Gisting er fyrir tvo. Morgunmatur fæst með afslætti sé hann pantaður kvöldinu áður og er greitt sérstaklega fyrir hann í afgreiðslu hótelsins.

## NÁGRENNIÐ

Nafn hótelsins er innblásið af náttúrufegurð umhverfisins. Þar er að finna frábærar göngu- og hjólaleiðir ásamt fjölbreyttu dýralífi. Aðeins er um 20 mínútna gangur inn í miðbæ Reykjavíkur frá hótelinu.



## VERÐ

### Vetur

1/10-1/4

Sólarhringur 6.000

### Sumar

1/4-1/10

Sólarhringur 7.900

Frí bílastæði

Kvöldsoðgur og kakó á hverjum fimmtudegi kl. 21

Fuglasafn

Bíósalur

Bókasafn við arineld á jarðhæð

VERÐ OG DAGSETNINGAR ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR.



## ÚTBÚNAÐUR HÚSANNA

Í flestum þeim húsum sem VR hefur til afnota fyrir félagsmenn sína er búnaðurinn miðaður við 8 manns. Þó eru undantekningar á því þar sem húsin eru stærra eða mun minni. Þá má geta þess að í þeim húsum sem ekki eru í eigu VR er búnaðurinn ekki alveg sá sami.

### GANGA MÁ ÚT FRÁ EFTIRFARANDI BÚNAÐI Í HÚSUNUM

Í öllum VR húsum eru sængur og koddar, útvarp og sjónvarpstæki, DVD-tæki, barnarúm, barnastóll og koppur. Venjuleg eldavél með ofni er í öllum húsum og örbylgjuofnar. Í húsunum eru gasgrill. Venndarhúsgögn eru víðast hvar og reynt að hafa umhverfið sem notalegast fyrir gestina.

Borðbúnaður er yfirleitt fyrir átta manns eða fleiri auk venjulegra áhalda til eldunar sem nauðsynleg eru í hverju eldhúsi. WC-pappír, uppþvottalögur, uppþvottaefni í uppþvottavél, þar sem þær eru og einnota borðtuskur eru í húsunum og áhöld til þrifa. Vinsamlegast athugið að einungis má nota þau hreinsiefni sem eru til staðar, þar sem sterkari efni henta oft ekki í rotþrær. Öryggisins vegna eru í hverju húsi eldvarnarteppi, slökkvitæki, reykskynjari og sjúkrakassi.

## VIRÐUM UMHVERFIÐ

Göngum vel um!

Nú á tímum vaxandi umhverfisvitundar þarf vart að nefna við orlofshúsagesti mikilvægi þess að ganga vel um umhverfi húsanna. Orlofshús VR eru flest úti í náttúrunni, í fallegu umhverfi sem gerir þá kröfu til okkar að við sýnum því virðingu.

Það er ekki heimilt að kveikja eld í umhverfi orlofshúsanna. Ruslagámar eru víðast hvar aðgengilegir og ætti því fjúkandi rusl að heyra sögunni til. Svo er heldur ekki úr vegi að minnst aðeins á vatnið, eina dýrustu náttúruauðlind jarðar, sem við erum svo heppin að eiga greiðan aðgang að. Vinsamlega notið vatnið vel og látið t.d. ekki renna í heita pottinn allan sólarhringinn.

## UMGENGNIS-REGLUR Í ORLOFSHÚSUM

**Húsið** er leigt með húsgögnum, eldhúsbúnaði og öðrum lausamunum.

**Leigjandi** ber ábyrgð á öllum búnaði hússins meðan á leigutíma stendur og skuldbindur sig til þess að bæta tjón sem verða kann af hans völdum eða þeirra sem dveljast með honum í húsinu á leigutíma.

**Leigjandi** skal ganga vel um hús og umhverfi, ræsta húsið við brottför og sjá um að hver hlutur sé á sínum stað.

**Leigjandi** skal koma til dvalar í húsinu á skiptidegi. Sjá nánar í leigusamningi.

**Leigjandi** þarf að hafa með sér handklæði, sápu, viskastykki, sængurver, lök og koddaver.

**Dvalargestir** eru beðnir um að forðast hávaða með bílaumferð á orlofshúsasvæðinu.

**Leigjandi** skal ganga vel um staðinn og gæta þess að spilla ekki gróðri eða landi.

Almennt er ekki leyfilegt að hafa gæludýr meðferðis í orlofshúsum, undantekning er þó orlofshús nr. 29 á Flúðum og á Blönduósi.

Lesið vel leiðbeiningar sem festar eru upp í húsunum og skylt er að fara eftir.





## TJALDVAGNAR

Tjaldvagna er hægt að bóka í 6 daga og 13 daga, frá fimmtudegi til miðvikudags.

Leigu fyrir 6 daga er hægt að bóka og greiða fyrir á netinu en 13 daga leigu verður að bóka í síma þjónustuvers VR, sími 510 1700, eða á skrifstofum félagsins. Þrír vagnar verða til afhendingar á Egilsstöðum og 22 á höfuðborgarsvæðinu. Vagnarnir á Austurlandi eru einnig góður kostur fyrir Sunnlendinga sem ætla austur fyrir og losna þá við að keyra með vagninn yfir hálf tölulandið.

Afhending vagnanna er að Víkurhvarfi 6, Kópavogi á fimmtudögum milli kl. 13 og 18. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvar vagnarnir verða afhentir á Egilsstöðum.

Vögnunum skal skilað hreinum, ásamt öllum fylgibúnaði, að Víkurhvarfi 6, á miðvikudögum fyrir kl. 16. Einnig er hægt að skila á mánudögum og þriðjudögum á opnartíma Víkurverks. Vagnarnir, Family Camp, eru íslensk smíði og ætlaðir fyrir fjóra. Þeir eru leigðir út með fylgihlutum, þ.e. varadekki, dýnum, felliborði, fjórum stólum, gaseldunartæki fyrir tvo potta, hitaofni og gaskút. Gott er að muna eftir að hafa með sér potta og pönnur, borðbúnað, vasaljós, lítinn kúst, borðtusu og viskustykki.

### VERÐ SUMARIÐ 2013

6 dagar kr. 20.500

13 dagar kr. 32.800

### ATHUGIÐ!

Fortjald, hælur og yfirbreiðsla á vagninn fylgja ekki, og félagsmenn sjá sjálfir um að fylla á kútana.

## BÓKUNARREGLUR

Fyrstur kemur fyrstur fær...

Fyrirkomulag bókana er með sama sniði og verið hefur undanfarin ár.

**Hægt er að bóka 16 vikur fram í tímann og dettur ný vika inn til bókanar á miðnætti, aðfararnótt hvers miðvikudags.**

Undantekningar varðandi þetta eru þó húsið í Danmörku og leiguhús sem koma til bókanar núna undir vorið. Hægt er að bóka á netinu og greiða, eða hringja í þjónustuver VR og panta þar. Þegar þetta blað kemur út eru bókanir komnar fram yfir miðjan júní.

- Staðgreiða þarf leiguna fyrir orlofshús sem bókað er á netinu. Ef hætt er við leigu innan þess tíma sem kveðið er á um í leigusamningi er leiguverð endurgreitt að frádregnum kr. 3.000.
- Bóka verður lágmark 2 daga. Hámarksleiga í júní, júlí og ágúst er 10 dagar. Helgarnar eru leigðar í heilu lagi, frá föstudegi og fram á sunnudag. Athugið að ekki er hægt að bóka hús frá og með sunnudegi.
- Hafi orlofshúsið ekki verið nýtt á leigutímanum er ekki hægt að fá leigugjaldið endurgreitt eftir á.
- Orlofshús eru ekki leigð til félagsmanna yngri en 20 ára og er miðað við árið sem þeir verða 21 árs.
- Þú getur skráð þig á biðlista fyrir húsi á vefnum ef tveir sólarhringar eða meira er til upphafsdagsetningar leigu. Haft verður samband við þig með tölvupósti ef húsið losnar.
- Ef inneign í VR varasjóði er notuð til að greiða fyrir leigu á orlofshúsi er hún undanþegin staðgreiðsluskyldu, að hámarki samtals kr. 50.000 á ári. Athugið að þetta á einungis við um úttekt úr sjóðnum vegna leigu félagsmanns VR á orlofshúsi á vegum félagsins.

VR hefur auglýst eftir orlofshúsum til útleigu fyrir félagsmenn og mjög margir haft samband. Verið er að vinna úr bunkanum og þau hús sem koma til útleigu í sumar verða auglýst nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is) einhverntímann á næstu vikum.

## NÝ ORLOFSÍBÚÐ Í REYKJAVÍK

VR hefur fest kaup á tveggja herbergja íbúð við Sóltún í Reykjavík sem verður til útleigu þegar líður á sumarið. Með þessum kaupum vill félagið koma til móts við óskir félagsmanna um fleiri möguleika á orlofsleigu í Reykjavík. Nýja íbúðin er í sama húsi og stærri íbúð (sjúkraíbúð) sem VR keypti fyrir nokkrum árum en íbúðirnar eru hlið við hlið á jarðhæð. Íbúðin er með séringangi, 68 fermetrar að stærð með einu svefnherbergi, stofu, eldhúsi og baði. Svefnaðstaða er í stofu og er íbúðin útbúin fyrir 4-5 manns.

Íbúðin verður til leigu fyrir alla félagsmenn, burtséð frá búsetu. Hún verður leigð á sambærilegan hátt og aðrar orlofsíbúðir félagsins og verður nánar kynnt á heimasíðu VR þegar líður á vorið.

# Krossgáta

	VANDUR AD VIND INNI SUNNI	NACNAB V FYRN	KVEN- DPA V MYTU	'AN	EVROPA DUA	HREGL	FARM- INN	TEMUR	GAL- DOPANA GOMAN
	AND- LECT SAM- NETTI	1							
	GÁ- LAUS							5	
	STOR- ELTÓT- ID					14	FLUG- FÉLAG HVATA		
	ADA	SKELNA SÍMÁLFA DJARN- AN						19	
VENIR UM					KARL- SHEL KVEN- NAFNS			21	HEIMUR
SEIGUR	↓		2			SPRÖTU IDU- KASTA			
SKAP- HEIT- UR							MAVNI- NAFNS RÖÐAR	15	
DRYKK- UR			MÍFAR DRICK- ADIK					BANDÖD	22
	EYTA- MAMM MADK- AR			FLAUSTA- ID EYKST		7			
FANGA- MARK		ÖKSIR	18	SÖGUNE TÖNN				FÉLAG LEIK- SVIÐID	
MERCO					4	KVEN- PULL- IDU- SYL			
VENLA- MENN- INA	↓					DRYKK- UR KÆNUR		10	GÆLU- MANN V SKOFTI
TALA MIKID	11			LANDI EVROPU NEMA					
GERIST IDU- VFLI						SEMI- DOPAN SAMAN- VEKUR		8	
	BÓK HAEINSI- EINI			VEISLA TÖK			KROPP IDU- STRANL	13	
	DSAN- AR VEKKI		16					HVAD DEKID	
ELDUR			3	FIFLIN KANTAR					
DÝR				TÖNN DÖRL NÖRELL			EIN- LEIKUR	9	
VOTAN					12	FINGUR MTRUK- AR			
	ATYAR- MAMM TIL- LEAD						17	STRIGNI KROPP	FÁST VID
ÞATTUR								21	AF- VECA- LEIDA
HÍGUS- INN + GULTU									23
FRESTA STOFA		TIMA- BIL	NÍÐA Z EINS	6				HAF KRYDIA	
ORG + GAUNA									20
KROPPS			25						
									HROPA



## VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er:

*„Ástin hefur augu í hnakkanum.“*

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er Sígurlína Guðnadóttir eða Silla eins og hún er kölluð. Silla er ferðaradgjafi í viðskiptasöludeild Icelandair og hefur unnið hjá félaginu og forverum þess frá 1. apríl 1970. Silla er gift og á tvö börn. Eins og gefur að skilja þá eru ferðalög hennar helsta áhugamál og til stendur að fara til Svíþjóðar í sumar og mögulega líka til Bandaríkjanna. Við óskum Sillu innilega til hamingju með vinninginn.

Í lausn krossgátunnar hér til hliðar er vísa án nokkurra vísbendinga. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifðu „krossgáta“ utan á umslagði.

Skilafrestur er til 6. maí 2013.

Utanáskriftin er:

**VR-blaðið**

**Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7**

**103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda

lausnina á [krossgata@vr.is](mailto:krossgata@vr.is)



## AFSLÁTTUR Í FERÐINA

VR býður fullgildum félagsmönnum afslátt í flug og pakkaferðir Icelandair og WOW Air. Afslátturinn er í formi orlofsmiða sem hægt er að nálgast á skrifstofu VR í Reykjavík. **Athugið** að þeir eru ekki seldir á netinu.

**Orlofsmiði Icelandair** kostar 23.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í öll flug Icelandair. Engar takmarkanir eru á ferðatíma eða lengd dvalar umfram reglu fargjalds hverju sinni. Gjafabréfið gildir í tvö ár frá útgáfudegi bréfsins.

**Orlofsmiði WOW Air** kostar 19.000 kr. og jafngildir 25.000 kr. greiðslu upp í flug WOW Air. Gildistími hvers bréfs er eitt ár frá útgáfu, ferðatímabilið er þremur mánuðum lengri en gildistími.

Hver félagsmaður getur keypt 2 orlofsmiða á hverju tólf mánaða tímabili. Ekki er hægt að skila miðum eftir að þeir hafa verið keyptir. Félagsmönnum er bent á að kynna sér vel skilmála flugfélaganna áður en miðar eru keyptir.



## TJALDSVÆÐI Í MIÐHÚSASKÓGI

Síðastliðið sumar opnaði VR nýtt og glæsilegt tjaldsvæði á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi í Bláskógarbyggð en það er um 20 km austur af Laugarvatni.

Á svæðinu er mjög góð aðstaða fyrir tjöld, húsbíla og fellihýsi. Einnig er búið að reisa myndarlegt þjónustuhús þar sem er grillaðstaða og vaskar fyrir uppþvott. Einnig eru salerni, sturtur og þvottavél til afnota fyrir tjaldgesti. Þá er þar að finna aðstöðu fyrir umsjónaraðila sem annast eftirlit og öryggisvörslu á svæðinu. Pláss er fyrir 40 – 50 ferðavagna og bíla með aðgangi að rafmagni á hagstæðu verði.

Svæðið er allt hið glæsilegasta og mjög fjölskylduvænt. Leikaðstaða er inni á sjálfu svæðinu auk sérstaks leiksvæðis í tengslum við orlofshúsabyggðina en þar má m.a. finna hlaupakött (aparóla), uppblásið trampólín, frísbíggjvöll, minigolf og skemmtilegar gönguleiðir í miklum gróðri og fallegu umhverfi.

Svæðið er aðeins ætlað VR félögum og fjölskyldum þeirra.

### VERÐ SUMARIÐ 2013

Verð miðast við eina nótt.

	VR félagi	Maki VR féлага	Börn VR féлага 12 ára og yngri	Börn VR féлага eldri en 12 ára	Gestur VR féлага*
Tjaldstæði	kr. 500	kr. 500	0 –	kr. 500	kr. 1.000
Rafmagn	kr. 300				kr. 500

\* VR félagi getur boðið gesti/gestum til að dvelja á tjaldsvæðinu með sér, þó aldrei meira en sem samsvarar einu tjaldstæði.

**Eingöngu er tekið við greiðslukortum til greiðslu fyrir dvöl á tjaldsvæði.**

# Kosningar 2013



**Nú göngum við til kosninga.  
Láttu þig málið varða,  
VR er félag okkar allra.**

Allsherjaratkvæðagreiðsla VR til formanns og stjórnar hefst 7. mars nk. og stendur til hádegis 15. mars nk. Nýttu atkvæðisrétt þinn og hafðu áhrif.

Öll atkvæði hafa sama vægi. Þú finnur allar nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is).